

# *Giljaskólaleiðin*

*Framsögn · Lestur · Ritun*

Brynjar Karl Óttarsson tók saman

---

*„Giljaskólaleiðin leggur áherslu á framsögn, lestur og ritun í gegnum raunveruleg, merkingarbær viðfangsefni sem endurspeгла veruleikann eins og hann blasir við utan veggja skólans.“*



Brynjar Karl Óttarsson

# Giljaskólaleiðin

Framsögn • Lestur • Ritun



Grenndargralið  
Akureyri 2016

Giljaskóli febrúar 2016

Útgefandi: Grenndargralið  
Rimasíða 23a  
603 Akureyri  
Sími: 821 5948, 462 4820  
Netfang: grenndargral@gmail.com, giljaskoli@akureyri.is  
Veffang: <http://grenndargral.is>  
<http://www.giljaskoli.is>

Umbrot og textavinnsla: Brynjar Karl Óttarsson

Prófarkalestur: Hildur Hauksdóttir & Steinunn Kristín Bjarnadóttir

Prentun: Giljaskóli

© 2016 Brynjar Karl Óttarsson

Samantekt þessi er gefin út með framlagi úr Sprotasjóði.

Öll réttindi áskilin.

Samantekt þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis höfundar og útgefanda.

## Efnisyfirlit

<b>INNGANGUR</b> .....	<b>6</b>
<b>FRAMSÖGN</b> .....	<b>8</b>
ÓÞARFI EÐA ÓÆSKILEGT? .....	8
ÞURFUM AÐ GERA BETUR .....	9
REGLULEG ÞJÁLFUN MIKILVÆG .....	10
UNDIRBÚNINGUR FYRIR LÍFIÐ .....	11
BREYTTUM TÍMUM FYLGJA TÆKIFÆRI .....	12
MÁLÞING Í GILJASKÓLA .....	12
Í STUTTU MÁLI .....	14
<b>LESTUR OG BÓKMENNTIR</b> .....	<b>15</b>
LÍTIL LESTRARKENNSLA Á UNGLINGASTIGI .....	15
BÓKIN STENDUR HÖLLUM FÆTI .....	16
LOSÐ UM HÖMLURNAR .....	17
TÖKUM SAMAN HÖNDUM OG GLÆÐUM ÁHUGA .....	18
YNDISLESTUR BER MEÐ SÉR GÓÐ TÍÐINDI .....	19
FRELSI TIL AÐ VELJA OG NIÓTA .....	21
NEMENDUR NIÓTA ÞESS AÐ HLUSTA .....	22
AÐ OPNA DÝR AÐ ÆVINTÝRAHEIMI .....	22
AUKIÐ AÐGENGI AÐ BÓKUM .....	24
AÐ LOKUM ÞETTA .....	25
<b>RITUN</b> .....	<b>26</b>
HANDSKRIFAÐIR TEXTAR Á UNÐANHALDI .....	26
SKAPANDI SKRIF Í DAGBÓK .....	27
NEMENDUR SKRIFA ÓTT OG TÍTT .....	28
MERKINGARBÆR RITUN .....	29
GREINAR BIRTAR Á OPINBERUM VETTvangi .....	29
LÝÐRÆÐI Í VERKI .....	30
<b>MÁLFRÆÐI</b> .....	<b>32</b>
MÁLFRÆÐI HEFUR SKIPAÐ STÓRAN SESS .....	32
HUGSAÐ UPPHÁTT .....	33
<b>ÞRJÁR STÖÐIR GILJASKÓLALEIÐARINNAR</b> .....	<b>35</b>
<b>GRUNNÞÆTTIR MENNTUNAR – 8. BEKKUR</b> .....	<b>36</b>
<b>GRUNNÞÆTTIR MENNTUNAR – 9. BEKKUR</b> .....	<b>37</b>
<b>GRUNNÞÆTTIR MENNTUNAR – 10. BEKKUR</b> .....	<b>38</b>
<b>GRUNNÞÆTTIR MENNTUNAR – 8. - 10. BEKKUR</b> .....	<b>39</b>
<b>VERKEFNISLÝSINGAR - FRAMSÖGN</b> .....	<b>40</b>
ÁHUGAMÁL Í GILJAHVERFI .....	41
LITIÐ UM ÖXL .....	42
Í GILJASKÓLA RÍKIR JAFNRÉTTI .....	43
HVAÐ ER MIKILVÆGAST AÐ NEMENDUR HAFI Í FARTESKINU ÞEGAR GRUNNSKÓLA LÝKUR? .....	44

ER ÍSLAND GRÆDGISSAMFÉLAG? .....	45
„UNGLINGAVANDAMÁL“ – HVER ER VANDINN? HVAÐ ER TIL RÁÐA? .....	47
<b>VERKEFNISLÝSINGAR - RITUN .....</b>	<b>49</b>
GREINASKRIF VETURINN 2016 – 2017 – 8. BEKKUR .....	51
GREINASKRIF VETURINN 2016 – 2017 – 9. BEKKUR .....	53
GREINASKRIF VETURINN 2016 – 2017 – 10. BEKKUR .....	55
DAGBÓKARSKRIF VETURINN 2016 - 2017 .....	57
<b>NÁMSMAT .....</b>	<b>58</b>
<b>DÆMI UM RÖKSTUÐNING - MÁLÞING .....</b>	<b>59</b>
<b>DÆMI UM RÖKSTUÐNING - GREINASKRIF .....</b>	<b>60</b>
<b>HORFT TIL FRAMTÍÐAR.....</b>	<b>61</b>
GRUNNURINN ER LAGÐUR .....	61
ÁHERSLUR Á 21. ÖLDinni .....	62
MERKINGARBÆRT NÁM ER LYKILLINN .....	62
<b>LOKAORÐ .....</b>	<b>64</b>
<b>HEIMILDASKRÁ.....</b>	<b>67</b>

## Inngangur

Vangaveltur um hvernig gera má nám að eftirsóknarverðu viðfangsefni í hugum unglinga eru ekki nýjar af nálinni. Samantekt sú er fer hér á eftir hefur að geyma hugmyndafræði *Giljaskólaleiðarinnar* um hvernig stuðla megi að jákvæðara viðhorfi nemenda á unglingastigi til íslenskunáms - að nemendur upplifi námið merkingarbært í því skyni að gera það samkeppnisfært í veröld þar sem áreiti er mikið og fjölbreytt afþreying í boði. Að miklum hluta til er samantektin byggð á sameiginlegri reynslu undirritaðra sem grunnskólakennarar til margra ára.

Rekja má upphaf Giljaskólaleiðarinnar aftur til ársins 2010. Undirritaður, sem er upphafsmaður hennar, fór þá að gera tilraunir með greinaskrif og málþing nemenda á unglingastigi. Síðan þá hefur tilraunin undið upp á sig jafnt og þétt. Frá árinu 2012 höfum við Steinunn Kristín Bjarnadóttir unnið saman að frekari þróun Giljaskólaleiðarinnar. Veturinn 2014 – 2015 vann sérstakt teymi kennara í Giljaskóla undir merkjum Giljaskólaleiðarinnar þar sem m.a. voru skoðaðar leiðir við að innleiða hana á miðstig. Þá hafa íslenskukennarar í Hrafnagilsskóla í Eyjafjarðarsveit tileinkað sér hugmyndafræði Giljaskólaleiðarinnar að miklu leyti.

Í samantekt þessari látum við hugann reika, erum að einhverju leyti að hugsa upphátt. Við setjum fram hugmyndir sem við trúum á og teljum að geti stuðlað að nútímalegri starfsháttum á unglingastigi. Við vísum í rannsóknir og greinar máli okkar til stuðnings til að sýna fram á samhljóm milli þess huglæga af okkar hálfu og þess hlutlæga sem markar stefnu í skólamálum. Okkur ber að fara eftir aðalnámskrá grunnskóla og því vísum við reglulega í hana. Þegar grannt er skoðað koma í ljós mikil líkindi með boðskap Giljaskólaleiðarinnar annars vegar og rannsóknum á sviði menntamála og aðalnámskrá hins vegar. En samantektin er ekki eingöngu byggð á okkar eigin hugleiðingum, aðalnámskrá og rannsóknum fræðimanna. Samstarf við aðra íslenskukennara í Giljaskóla og í öðrum grunnskólum á Akureyri, frásagnir kennara víðar af landinu og almenn skólaumræða í ræðu og riti – allt er þetta haft til hliðsjónar.

Þó margt jákvætt hafi gerst í skólamálum síðustu ár og áratugi þykir okkur kerfið þróast hægt áfram og stundum hreinlega vinna gegn raunverulegri skólaþróun. Íslenskukennsla í 8.-10. bekk er þar ekki undanskilin. Kennarar og aðrir sem vinna að skólamálum eru eflaust allir að vilja gerðir en það er erfitt að breyta kerfi sem er

byggt á gömlum grunni og jafnvel farið að festa rætur. Það verður bara að segjast eins og er að oft á tíðum hamlar skólakerfið því að hæfileikar nemenda njóti sín nema hæfileikarnir séu kerfinu þóknanlegir. Alltaf má benda á dæmi um skapandi skólastarf og víða má finna kennara sem synda gegn straumnum í því skyni að stuðla að merkingarbæru námi.

Geta einstakir kennarar stuðlað að breytingum? Eiga kennarar kannski við ofurefli að etja? Hvernig er hægt að ætlast til þess að nokkrir einstaklingar breyti vinnulagi sem byggir á ævafornu kerfi sem hefur verið við lýði svo lengi sem elstu menn muna? Erfitt er að kenna gömlum hundi að sitja. En eitt er það sem við þurfum að huga að. Þjóðfélagið hefur tekið miklum breytingum á stuttum tíma sem kallar mögulega á nýja nálgun í íslenskukennslu. Eru kannski þær áherslur sem hafa verið til margra ára orðnar úreltar? Er hugsanlegt að íslenskukennarar horfi í of miklum mæli framhjá því sem raunverulega skiptir máli fyrir ungu kynslóðina í dag og leggi frekar áherslu á það sem þeim var innrætt á þeirra eigin skólagöngu?

Hér er ekki ætlunin að leggja til afnám vissra þátta íslenskukennslunnar eins og þeir birtast í aðalnámskrá heldur aðeins benda á að breytinga er þörf í skólakerfinu með breyttum þjóðfélagsháttum. Og þar sem breytingarnar eru hraðar aukast líkurnar á að skólinn haldi ekki í við þá þróun nema skólayfirvöld séu á tánum. Okkur liggur margt á hjarta og því látum við dæluna ganga. Mögulega gerum við það í einhverjum tilfellum á kostnað uppbyggingar texta og málfars. Formlegt málsnið og þungt yfirbragð fær að víkja fyrir boðskap og innihaldi.

Samantektin hefur að geyma áherslur Giljaskólaleiðarinnar. Auk sérstakrar umfjöllunar um stoðirnar þrjár; *framsögn*, *lestur* og *ritun* fjöllum við um samspil þeirra og grunnþátta menntunar eins og þeir birtast í aðalnámskrá. Við bjóðum upp á sýnishorn af verkefnilýsingum Giljaskólaleiðarinnar, skoðum leiðir við námsmat og veltum fyrir okkur hvað framtíðin ber í skauti sér.

Giljaskóla, febrúar 2016

Brynjar Karl Óttarsson  
Steinunn Kristín Bjarnadóttir



*Í lýðræðisþjóðfélagi er brýnt að geta tekið virkan þátt í umræðum af ýmsu tagi þar sem móðurmálið er mikilvægt samskiptatæki. Nauðsynlegt er að geta tjáð skoðanir sínar, hvort sem er í námi, starfi, félagslífi eða einkalífi. Þeir sem hafa gott vald á töluðu máli, framsögn og samræðum eru betur færir um að taka þátt í samfélagsumræðunni og eiga jafnan auðvelt með að miðla af þekkingu sinni. (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013)<sup>1</sup>*

## Framsögn

### *Óþarfi eða óæskilegt?*

Margir kannast við óþægindin sem fylgja því að koma fram og standa fyrir máli sínu. Sjálfsagt liggja ýmsar ástæður að baki því hversu erfitt þetta reynist mörgum. Án nokkurs vafa er að einhverju leyti æfingaleysi um að kenna. Óhætt er að fullyrða að í „hefðbundnum“ grunnskóla hafa aðrir þættir en framsögn haft meira vægi í íslenskunámi nemenda í 8. – 10. bekk hin seinni ár. Framsögn hefur ekki hlotið þann sess sem æskilegt er þó enginn velkist í vafa um mikilvægi þess fyrir ungt fólk að fá þjálfun í tjáningu. Við þurfum að vera miklu duglegri að sinna þessum þætti íslenskunnar. Sjálf fengum við litla sem enga þjálfun í framsögn á unglingastigi í grunnskóla. Maður veltir fyrir sér ástæðunni. Var talinn óþarfi að börn lærðu að standa fyrir máli sínu frammi fyrir hópi af fólki? Var ekki talið æskilegt að börnin hefðu rödd? Óttuðust skólayfirvöld gagnrýna hugsun nemenda? Var það kannski af

<sup>1</sup> Efnisgreinin kemur fyrir á bls. 98 í kafla 19.1.1 – Talað mál, hlustun og áhorf.

einhvers konar „góðmennsku“ við nemendur sem kennarar lögðu litla sem enga áherslu á framsögn, að koma þeim hjá óþægindunum sem fylgdi því að standa fyrir framan hóp af fólki og tjá sig? Erfitt er um slíkt að spá. Hins vegar er alveg ljóst að áherslurnar hafa breyst og skólinn hefur ekki fylgt með.

*Samkvæmt flestum könnunum eru ræðuhöld á almannafæri það sem fólk setur í fyrsta sæti yfir það sem það hræðist mest. Þar á eftir er dauðinn. Dauðinn er númer tvö. Er það eðlilegt? Fyrir meðaljóninn þýðir þetta að ef hann fer á jarðarför er hann betur settur í kistunni en að þurfa að fara með minningarorðin.<sup>2</sup>*

-Jerry Seinfeld (Seinfeld, 2015)

### ***Purfum að gera betur***

Í aðalnámskrá grunnskóla (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013) segir: „Mikilvægt er að nemendur þjálfist í að segja skipulega frá og gera grein fyrir þekkingu sinni og skoðunum.“<sup>3</sup> Við tökum undir þetta. En það er ekki nóg að eiga góðan boðskap á prenti, það þarf að sýna viljann í verki. Okkar sannfæring er að mikið vanti upp á markvissa þjálfun í framsögn á unglíngastigi, ekki síst í því skyni að brjóta niður múra feimni og óframfærni. Þessu er verulega ábótavant hjá 13-15 ára nemendum.



<sup>2</sup> „According to most studies, people's number one fear is public speaking. Number two is death. Death is number two. Does that sound right? This means to the average person, if you go to a funeral, you're better off in the casket than doing the eulogy.“

<sup>3</sup> Málgreinin kemur fyrir á bls. 98 í kafla 19.1.1 – Talað mál, hlustun og áhorf.

Vissulega er framsögn kennd á unglíngastígi í einhverri mynd. Auðvelt er í því sambandi að vísa í hin ýmsu verkefni sem nemendur þurfa að skila munnlega. Óformlegt spjall í kennslustundum og munnleg tjáning á skólaskemmtunum svo eitthvað sé nefnt. Þá er vitanlega eitthvað um það að kennarar nýti sér mælsku- og rökræðuformið við kennslu þar sem nemendum er skipt í hópa eftir því hvort þeir eru með eða á móti umræddu málefni. En hvers vegna eiga þá svo margir nemendur á þessum aldri í svo miklum erfiðleikum með að koma fram og tjá sig, segja frá skoðunum sínum, rökstyðja þær og gera það þannig að sómi sé að? Við teljum að þrátt fyrir allt það góða sem gert er til að þjálfa nemendur í framsögn, sbr. ofangreind atriði, þá sé það einfaldlega ekki nóg. Tímínn sem nýttur er til að láta nemendur í 8.-10. bekk standa fyrir máli sínu fyrir framan hóp er aðeins dropi í hafið þegar horft er á heildartímínn sem nemendur eyða í íslensku á unglíngastígi. Af þeim sökum er kannski ekki óeðlilegt þó mörgum reynist erfitt að hefja upp raust sína þegar svo ber undir. Æfinguna skortir.

### ***Regluleg þjálfun mikilvæg***



Um framsögnina gildir hið sama og svo margt annað, það þarf að halda henni að nemendum, stöðugt og markvisst. Litlu skilar að láta nemendur koma aðeins fram á tyllidögum. Þeir eru einfaldlega of fáir til þess að það skili raunverulegum árangri. Við

látum ekki nemendur reikna nokkra daga yfir veturinn árin þrjú á unglíngastígi og ætlumst til að þeir standi sig vel á samræmdu prófi eða uppfylli skilyrði sem sett eru

fyrir áframhaldandi skólagöngu. Með reglulegum æfingum þróa nemendur með sér hæfileikann til að tileinka sér gagnrýna hugsun, hafa skoðun og tjá hana í viðurvist annarra með formlegri hætti en gengur og gerist innan vinahópsins. Í nútímasamfélagi er gerð krafa um að einstaklingar geti tjáð sig um menn og málefni á gagnrýninn hátt. Gagnrýnin hugsun er veigamikil nesti fyrir framtíðina en til að sú hæfni nýtist þarf viðkomandi að geta tjáð sig við ólíkar aðstæður, formlegar jafnt sem óformlegar.

### ***Undirbúningur fyrir lífið***

Atvinnurekendur eru í ríkari mæli farnir að huga að þáttum eins og samskipta- og samstarfshæfni við mannaráðningar. Hæfni til að koma fram og tjá sig er þannig orðinn eftirsóknarverður eiginleiki í hugum þeirra sem fara með mannaforráð í fyrirtækjum. Í rannsókn sem gerð var árið 2008 í Bretlandi á vegum *The Council for Industry and Higher Education (CIHE)*<sup>4</sup> voru stjórnendur 233 fyrirtækja spurðir hverjir þeir teldu vera mikilvægustu færniþætti í fari starfsmanna (Archer og Davison, 2008). Samskiptafærni (communication skills) var stjórnendum efst í huga en 86% þeirra töldu hann mikilvægasta þáttinn. Margir úr hópi stjórnenda töldu þó skorta nokkuð á þessa tilteknu hæfni, hæfileikann til að tjá sig með skilvirkum hætti. Aðrir þættir sem stjórnendur töldu mikilvæga voru hæfni til teymisvinnu (team-working skills 85%), traust (integrity 83%), vitsmunaleg hæfni (intellectual ability 81%) og sjálfstraust (confidence 80%). Hlutverk skóla er að undirbúa nemendur sem best undir þátttöku í nútímalegu lýðræðissamfélagi. Því hljóta skólayfirvöld að horfa til þess sem bíður barnanna eftir grunnskólagöngu, jafnvel þó einhver ár líði áður en ákvörðun um framtíðarstarf er tekin. Full ástæða er til að byrgja brunninn áður en barnið dettur í hann.

---

<sup>4</sup> Markmið CIHE er m.a. að stuðla að samstarfi viðskiptalífs og háskóla með það að sjónarmiði að auka samkeppnishæfni beggja aðila.

## ***Breyttum tímum fylgja tækifæri***

Kennarar þurfa að vera markvissari í því að kenna börnunum framsögn og virka hlustun. Áður fyrr þurftu kennarar ekki svo mikið að leiða hugann að þessu. Ákveðin færni í tjáningu og áheyrn þótti sjálfsagður hlutur og var börnunum innrætt jafnt í skóla sem og heima fyrir. Börn lögðu við hlustir þegar fullorðnir töluðu og þau voru reglulega látin koma upp að kennaraborðinu til að þylja skólaljóðin. Já, tímarnir hafa vissulega breyst. Hér rekast á áherslur liðins tíma og líðandi stundar. Mögulega höfum við sofnað á verðinum og á einhverjum tímapunkti talið okkur trú um að ekki þyrfti að leggja rækt við þennan þátt íslenskunnar. Að þetta kæmi bara að sjálfu sér. Er mögulega agaleysi um að kenna? Stundum heyrir maður talað um skort á sjálfsaga meðal þjóðarinnar og að þjóðfélagið endurspegli smærri einingar samfélagsins svo sem skólann og fjölskylduna. Ef til vill er eitthvað til í því. Engum dylst að svigrúm nemenda í dag er meira en hjá gengnum kynslóðum. Ekki er gerð krafa um það að nemendur sitji beinir í baki allan skóladaginn eins og forrituð vélmenni, þegi og fyllist óttablandinni lotningu frammi fyrir kennaranum. Þannig felast viss sóknarfæri í agaleysinu. Eða er réttara að tala um aukið frelsi? Athafnafrelsi nemenda? „*Frelsið er yndislegt, ég geri það sem ég vil*“ (Björn Jörundur Friðbjörnsson, e.d.) segir í dægurlagatexta hljómsveitarinnar Nýdönsk.<sup>5</sup> Víst er að frelsið (eða agaleysið) opnar vissar dyr sem vert er að nýta. Óþvingaðra andrúmsloft, meiri gleði og aukin hlutdeild nemenda er meðal þess sem fæst með í kaupunum.

## ***Málþing í Giljaskóla***

Giljaskólaleiðin leggur mikla áherslu á framsögn. Í hverjum árgangi eru a.m.k. tvö stór verkefni lögð fyrir ár hvert, haust- og vormálþing, og eru þau orðin fastur liður í íslenskukennslunni. Þar fyrir utan eru hinar ýmsu æfingar í töluðu máli, hlustun

<sup>5</sup> Lagið kom út á plötunni Regnbogaland sem kom út árið 1990.

og áhorfi svo sem bekkjarfundir, mælsku- og rökræðukeppnir innan bekkja og einstaka upplestur við sérstök tækifæri innan skóla sem utan. Undanfarin ár höfum við reynt að byggja upp ákveðinn stíganda í námi nemenda okkar í framsögn. Við



höfum ávallt í huga að nemendur í 8. bekk eru upp til hópa óvanir vinnubrögðum sem viðhöfð eru í tengslum við málþing. Því förum við rólega af stað en aukum kröfurnar jafnt og þétt eftir því sem nemendur verða eldri. Umfang málþinganna er þannig misjafnt. Málþing 8. bekkjar bera yfirskriftina

„Áhugamál í Giljahverfi“ og „Litið um

öxl.“ Málþing 9. bekkjar ganga undir nafninu „Í Giljaskóla ríkir jafnrétti“ og „Hvað er mikilvægast að nemendur hafi í farteskinu þegar grunnskóla lýkur?“ Í 10. bekk standa nemendur fyrir málþingunum „Er Ísland græðgissamfélag?“ og „Unglingavandamál – Hver er vandinn? Hvað er til ráða?“ Gestir á haustmálþingum, sem fara fram í kennslustofu, eru nemendur í bekknum auk kennara. Á vormálþingum, en þau fara fram á sal, eru gestir nemendur í árgangnum auk kennara og í einhverjum tilfellum skólustjórnendur og/eða foreldrar. Nokkur vel valin málþing sem fram fara á sal eru hljóðrituð og þeim komið fyrir á Youtube-rás Giljaskólaleiðarinnar. Þar geta foreldrar og aðrir áhugasamir hlustað á erindi nemenda. Í Giljaskóla fá nemendur námsmat í formi bókstafa (A, B, C, D). Giljaskólaleiðin leggur áherslu á að námsmat sé leiðbeinandi og lýsandi á þeim tímamarki sem matið fer fram. Því er mikilvægt að nemendur og foreldrar/forráðamenn hafi aðgang að ítarlegum rökstuðningi. Bókstafur einn og sér gefur takmarkaðar upplýsingar um stöðu nemenda. Við mat á verkefnum höfum við reynt að temja okkur þau vinnubrögð að bókstaf fylgi ávallt rökstuðningur (sjá dæmi bls. 59).

## *Í stuttu máli*

Að standa frammi fyrir hópi af fólki og tjá sig er þyrnir í augum margra nemenda á unglingastigi. Markvissri þjálfun er ábótavant þrátt fyrir skýr tilmæli um annað í aðalnámskrá. Til að sem besta útkoma náist er mikilvægt að nemendur fái þjálfun öll þrjú árin. Með breyttum áherslum í nálgun á kennslu gefast tækifæri til að gera framsögn eftirsóknaverðari í augum nemenda og þar með gera henni hærra undir höfði. Reglulegar æfingar í framsögn eru ein af stoðum Giljaskólaleiðarinnar. Nemendur taka þátt í málþingum auk annars konar æfingum sem þjálfar þá í að koma fram og tjá skoðanir sínar. Með því vonumst við til að stuðla að auknu sjálfstrausti nemenda sem mikla það ekki fyrir sér að koma fram.



*Það er mikilvægt markmið lestrarkennslu að leið nemandans liggja til sjálfstæðis þannig að smám saman fari hann að velja sér lesefni og geri sér grein fyrir gæðum þess og tengslum við nám, þörf og áhuga. Þá er mikilvægt að hann læri og geti beitt aðferðum við lestur og skilning sem hann velur í samræmi við tilgang lestrar. Góð lestarfærni er undirstaða ævináms og þess að geta aflað sér upplýsinga sem gera kleift að taka virkan þátt í lífi og menningu þjóðarinnar. (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013)<sup>6</sup>*

## Lestur og bókmenntir

### **Lítil lestrarkennsla á unglíngastigi**

Eðli málsins samkvæmt hafa kennslubækur ráðið för við kennslu í bókmenntum. Ekki hefur verið um formlega lestrarkennslu að ræða á unglíngastigi svo nokkru nemi. Sérstakar lestrarbækur eins og tíðkast við lestrarkennslu yngri barna eru ekki notaðar. Lítil sem engin áhersla hefur verið á að mæla framfarir eins og tíðkast á yngri stigum. Það kann þó að breytast í kjölfar þjóðarátaks í lestri. Lesskilningur er mældur með reglulegu millibili. Verulega dregur úr því á unglíngastigi að nemendur séu látnir lesa upphátt fyrir hóp eða bekk. Þjálfun fer fram í gegnum lestur kennslubóka sem nemendur oft á tíðum svíkjast undan að lesa.

<sup>6</sup> Efnisgreinin kemur fyrir á bls. 99 í kafla 19.1.2 – Lestur og bókmenntir.



## ***Bókin stendur höllum fæti***

Yndislestur hefur verið að ryðja sér til rúms undanfarin ár. Of algengt er þó enn að kennarar líti svo á að þeir þurfi ávallt að hengja *viðhengi* á yndislesturinn þ.e. að hann hafi einhvern annan tilgang en einfaldlega njóta lestrarins. Að sjálfsögðu á í einhverjum tilfellum að láta nemendur vinna úr því sem þeir hafa lesið. Hins vegar *þarf* ekki að gera það í þeim mæli sem tíðkast hefur. Í dag stöndum við frammi fyrir öðrum veruleika en fyrir tíma tölvunnar og alls þess áreitis sem nútímaunglinginn hrjáir. Á árum áður var afþreying fyrir unglinga með þeim hætti að lestur bóka var raunverulega samkeppnisfær við annars konar dægradvöl. Lestur bóka á hins vegar mjög erfitt uppdráttar í dag. Nemendur sjá ekki hag sinn í því að eyða dýrmætum tíma sínum í að gera eitthvað jafn tilgangslaust og að lesa bók. Árið 2009 kom út skýrsla, byggð á rannsókn á vegum Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands á stöðu lestrarkennslu í



íslenskum grunnskólum.<sup>7</sup> Í skýrslunni er oft og iðulega fjallað um áhugaleysi nemenda í 10. bekk á lestri og erfiðleika kennara við að bregðast við vandanum (Auður Magndís Leiknisdóttir, Hrefna Guðmundsdóttir, Ágústa Edda Björnsdóttir, Heiður Hrund Jónsdóttir og Friðrik H. Jónsson, 2009). Þetta er vandamál sem við grunnskólakennarar höfum verið meðvitaðir um til langs tíma og ekki aðeins hjá elstu nemendunum. Samt virðist sem okkur þoki lítið áfram. Erum við kannski föst í viðjum vanans? Áherslur við kennslu í bókmenntum og lestri á unglingsstigi hafa ekki haldið í

<sup>7</sup> Rannsóknin var unnin fyrir Menntamálaráðuneytið. Tekin voru viðtöl og notast við rýnihópa auk þess sem unnið var með niðurstöður úr lestrarrannsókninni PIRLS frá árinu 2006. Rætt var við grunnskólakennara í 4. og 10. bekk, sérkennara, skólastjóra, kennaranema, sérfræðinga við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og Kennaradeild Háskólans á Akureyri. Samtals var rætt við 71 aðila.

við þær breytingar sem átt hafa sér stað í hugarheimi unglunga. Við beitum ennþá sömu aðferðum og við gerðum þegar bókin var vinsælt afþreyingarefni. Við þurfum að horfast í augu við að afleiðingar tæknibyltingarinnar eru bæði jákvæðar og neikvæðar og hér höfum við dæmi um neikvæðar afleiðingar hennar. Við þurfum að leita í ræturnar.

### ***Losað um hömlurnar***

Hættum að rembast eins og rjúpan við staurinn og sættum okkur við að við þurfum að einhverju leyti að spóla til baka. Við byrjum á öfugum enda og höfum því miður gert of lengi. Hættum að leggja áherslu á lestur út frá þeirri forsendu að sjálfsagt sé að nemendur eyði löngum stundum við bókalestur og hafi gaman af. Hjá meginþorra nemenda er það einfaldlega ekki tilfellið. Það þýðir lítið að skipa nemanda í 9. bekk, sem hefur kannski aldrei lesið heila bók, að lesa sögu sem valin er af kennaranum, ef nemandinn sjálfur hefur ekki áhuga. Við gátum e.t.v. leyft okkur



þann munað svo áratugum skipti að gera ráð fyrir sjálfsögðum lestraráhuga unglunga. Núna blasir við okkur sú staðreynd að við þurfum að glæða áhuga þeirra á bókum og lestri - byrja á byrjuninni. Við höfum sofnað á verðinum varðandi lesturinn. Nú

þurfum við að bakka einhver ár aftur í tímann og fara að gefa þessum atriðum meiri gaum í kennslustundum. Við þurfum ekki að hræðast það að láta nemendur „eingöngu“ lesa. Tímanum er vel varið þegar kennarinn og nemendur sitja saman og

lesa, hver í sinni bók. Velta má fyrir sér hvort hefðbundin uppbygging kennslustunda þar sem kennarinn leggur línurnar, velur lesefni fyrir nemendur, stýrir framvindunni og setur fyrir verkefni samhliða lestrinum sé ákjósanlegasta leiðin til að ná árangri. Nýleg rannsókn sem unnin var á vegum Háskólans í Connecticut í Bandaríkjunum bendir til þess að kennurum á unglingastigi sé óhætt að losa um hömlurnar, skapa þægilegt andrúmsloft á meðan lestri stendur og gefa nemendum aukið svigrúm til að velja sér efni við hæfi.<sup>8</sup> Aukið valfrelsi nemenda á kostnað stýringar kennara hafði í versta falli engin áhrif og í besta falli styrktu nemendur stöðu sína í læsi og lesskilningi. Fjórir skólar tóku þátt í rannsókninni, 2150 nemendur á aldrinum 13-14 ára og 47 kennarar (Little, McCoach og Reis, 2014).

### ***Tökum saman höndum og glæðum áhuga***

Núna skiptir öllu máli að leggja grunninn, glæða áhuga nemenda á lestri og bókum. Við þurfum að matreiða bækur, lestur, rithöfunda og annað er snertir bókmenntir á þann hátt að lestur verði aftur samkeppnisfær. Markmiðið er risavaxið og margt þarf að koma til svo árangur náist. Kennarinn gegnir þar lykilhlutverki en ekki síður nánustu fjölskyldumeðlimir. Vísbendingar um mikilvægi foreldra og annarra sem standa barninu næst þegar kemur að því að hvetja það áfram í lestri eru sterkar. Árið 2009 fór fram rannsókn á vegum *National Literacy Trust* í London<sup>9</sup> þar sem lestrarhvetjandi aðstæður á heimilum fyrir lestrarþjálfun barna var í brennidepli. Kannaðar voru aðstæður 2176 barna á aldrinum 7 – 15 ára. Rannsóknin leiddi m.a. í ljós að börn sem fá mikla lestrarhvatningu frá móður eða föður eru líklegri til að hafa

---

<sup>8</sup> „The findings demonstrate that the intervention resulted in similar or higher scores for fluency and similar scores for comprehension, despite the diminished whole-group and small-group instruction provided in the intervention as compared with regular reading classes.“

<sup>9</sup> „Young people who get a lot of encouragement to read from their mother or father are more likely to enjoy reading, to read frequently, to have positive attitudes towards reading and to believe that reading is important to succeed in life than young people who do not get any encouragement to read from their mother or father.“

gaman af lestri, lesa reglulega og hafa jákvæðara viðhorf gagnvart lestri. Ennfremur eru líkurnar meiri á að þau álíti lestur skipta máli þegar kemur að því að ná árangri í lífinu (Clark og Hawkins, 2010). Ekki skiptir aðkoma kennarans minna máli. Mikilvægt er að hann sinni boðskapnum af áhuga. Hér skal áréttað að öll heimsins ráð duga skammt í kennslustofunni ef kennarinn er áhugalaus. Nemendur eru fljótir að skynja áhugaleysi kennarans og það er sjaldnast ávísun á árangur. Að sama skapi smitar hann út frá sér ef hann deilir ástríðunni með nemendum og öll vinna verður mun auðveldari fyrir vikið. Viðhorf og framsetning kennarans skilur milli feigs og ófeigs. Kennarinn getur lagt mikilvægan grunn einfaldlega með því að vera einlægur og heiðarlegur í aðkomu sinni að því að glæða áhuga nemenda. Að þora að sýna nemendum áhuga og ástríðu fyrir bókmenntum. Ef þetta tekst fara öll góðu ráðin að skila árangri og það jafnvel af meiri þunga en stefnt var að í upphafi. Í þessu felast ákveðnir töfrar en um leið er þetta eitthvað svo eðlilegt. Kennarinn þarf ekki alltaf að setja sig í einhverjar ákveðnar stellingar þegar mætt er í kennslustund. Stundum skilar meiri árangri að miðla til nemenda á þann hátt sem við þekkjum úr daglegu lífi, í eðlilegum samskipum fólks. Að nemandinn upplifi ekki endilega að hann sé í kennslustund heldur frekar á spjalli á jafnréttisgrundvelli þar sem bækur eru umræðuefnið og frásagnargleðin nýtt sem kveikja. Þegar grunnurinn er lagður má grípa til ýmissa aðferða til að styðja við og ýta undir frekari áhugahvöt.

### ***Yndislestur ber með sér góð tíðindi***

Eitt mikilvægasta skrefið í að glæða áhuga er að skapa aðstæður fyrir lestur nemenda í skólanum. Skapa þarf svigrúm innan stundatöflu þannig að lestri verði komið sem oftast fyrir, að nemendur fái tækifæri til að lesa oft og reglulega. Nú þegar liggur fyrir að unglingar lesa lítið og bókin stendur höllum fæti gagnvart annars konar afþreyingu verðum við einfaldlega með öllum tiltækum ráðum að finna leiðir til að vekja upp áhuga þeirra. Þess vegna er æskilegt að leggja áherslu á að nemendur sjálfir

hafi val um hvað þeir lesa, mögulega innan einhverra marka. Með því að þrýsta á nemendur þegar kemur að vali á lesefni erum við strax farin að minnka líkurnar á að við náum árangri. Ekki síst ef nemendum sýnist sem kennarinn hafi alla stjórnina eins og gjarnan var tilfellið hér áður fyrr og er án efa víða ennþá. Þá minnka enn frekar líkurnar á að við náum að kveikja neistann. Nemendur verða að finna að þeir hafi val um lesefni, óháð því hvað

kennaranum kann að þykja við hæfi. Með því að gefa nemendum frelsi til að velja höldum við í vonina en stuðlum jafnframt að jákvæðum hliðarverkunum. Nýleg rannsókn frá *UCL Institute of Education (IOE)*<sup>10</sup> á áhrifum yndislestrar á vitsmunabroska styður kenningar um að börn sem



lesa sér til ánægju séu líklegri til að standa sig umtalsvert betur í skóla en jafnaldrar þeirra sem gera það ekki (UCL Institute of Education, 2013). Rannsóknin stóð yfir um margra ára skeið þar sem lestrarvenjur 6000 barna voru til skoðunar m.t.t. áhrifa á ólíka hæfni. Hjá börnum á aldrinum 10 – 16 ára, sem lásu sér til ánægju, urðu framfarir meiri í stærðfræði, orðaforða og stafsetningu en hjá jafnöldrum þeirra sem

<sup>10</sup> „Children who read for pleasure are likely to do significantly better at school than their peers, according to new research from the Institute of Education. The IOE study, which is believed to be the first to examine the effect of reading for pleasure on cognitive development over time, found that children who read for pleasure made more progress in maths, vocabulary and spelling between the ages of 10 and 16 than those who rarely read. The research was conducted by Dr Alice Sullivan and Matt Brown, who analysed the reading behaviour of approximately 6,000 young people being followed by the 1970 British Cohort Study, which is funded by the Economic and Social Research Council. They looked at how often the teenagers read during childhood and their test results in maths, vocabulary and spelling at ages 5, 10 and 16. [...] Perhaps surprisingly, reading for pleasure was found to be more important for children's cognitive development between ages 10 and 16 than their parents' level of education. The combined effect on children's progress of reading books often, going to the library regularly and reading newspapers at 16 was four times greater than the advantage children gained from having a parent with a degree.“



lásu sjaldan. Þá leiddi rannsóknin enn fremur í ljós að yndislestur var mikilvægari fyrir vitsmunaproska barnanna á aldrinum 10 – 16 ára en menntun foreldra þeirra. Samanlögð áhrif þess að lesa bækur oft, fara á

bókasafnið reglulega og lesa dagblöðin hjá elstu börnunum í rannsókninni voru fjórum sinnum líklegri til að auka vitsmunaproska en það að eiga langskólagengið foreldri.

### ***Frelsi til að velja og njóta***

Við höfum í nokkuð mörg ár lagt mikla áherslu á *frjálslestur*. Orðið vísar til þess frelsis sem nemendur hafa á vali á bók en jafnframt til frelsisins sem fylgir því að lesa og njóta án nokkurrar kvaðar. Frjálslestri þarf ekki að fylgja úrvinnsla við lok lestrar, verkefnavinna eða að standa skil á lestrinum með einhverjum hætti. Þá er nemendum frjálst að skipta um bók ef og þegar þeim finnst bókin á einhvern hátt óyfirstíganleg. Hugmyndin um frjálslestur þarf að sjálfsögðu ekki að útiloka skyldulesningu á bókmenntatextum, t.d. Íslendingasögum eða öðru sem kennarinn vill leggja fyrir. Eins má í einhverjum tilfellum grípa til verkefna eða úrvinnslu í tengslum við frjálslestrarbækurnar. Það má þó aldrei verða aðalmarkmiðið þar sem við teljum það vinna gegn upphaflega markmiðinu sem er að njóta án nokkurrar kvaðar. Æskilegt er að nemendur geymi frjálslestrarbókina sína inni í stofunni svo þeir geti gripið í hana hvenær sem tækifæri gefst. Kennari verður að innræta hjá nemendum strax í upphafi að á meðan lestri stendur skuli friður ríkja.

## ***Nemendur njóta þess að hlusta***

Upplstur kennara er vinsæll. Nemendur í 8.-10. bekk hafa ekki síður gaman af því en yngri nemendur þegar kennari les sögu fyrir þá. Gott er að nota skammdegið til að skapa notalega stemningu. Lesa snemma morguns, deyfa ljósin, kveikja á kertum og lesa skemmtilega og spennandi framhaldssögu sem vekur upp löngun til að heyra framhaldið. Ekki er verra ef kennarinn treystir sér til að lesa með hrynjandi og upplsturinn býður upp á samræðu innan hópsins um innihald bókarinnar. Þau ár sem við höfum lesið fyrir nemendur höfum við reynt hinar og þessar bækur. Við erum ekki bundin við ákveðið efni og erum stöðugt að leita uppi nýjar og spennandi bækur til að lesa. Nokkrar bækur hafa þó verið lesnar oft en aðrar. Fyrir nemendur í 8. bekk höfum við lesið bókina *Peð á plánetunni Jörð* eftir Olgu Guðrúnu Árnadóttur og *Furðulegt háttalag hunds um nótt* eftir Mark Haddon í þýðingu Kristínar R. Thorlacius. Í 9. og 10. bekk höfum við lesið bókina *Lífsstríðið* eftir Eirík Jónsson. Ekki skemmir fyrir að bókin hentar vel sem ítarefni í samfélagsfræði í 9. bekk. Þessi bók hefur rækilega slegið í gegn og fellur vel í kramið hjá unglingunum. Þá höfum við lesið *Napóleons skjölin* eftir Arnald Indriðason fyrir strákana í 9. og 10. bekk.

## ***Að opna dyr að ævintýraheimi***

Við teljum að áhugi nemenda á bókum og lestri aukist með því að kynna fyrir þeim bækur og rithöfunda. Dagsdaglega eru nemendur ekki að velta mikið fyrir sér hverjir eru að skrifa bækur, hvers konar bækur og yfir höfuð hvaða ævintýraheima bækur hafa að geyma. Við þurfum að bera þetta á borð fyrir þá. Kannski má líkja þessu við stiklu úr kvikmynd (trailer) og því sem hún gerir til að kveikja áhuga á bíómyndum. Munurinn á bókum og bíómyndum er sá að nemendur eru mataðir þegar kemur að kynningum á bíómyndum. Þeir þurfa lítið að hafa fyrir hlutunum meðan hreyfimyndirnar flæða af skjánum inn um vitin. Öðru máli gegnir um bækur.

Nemendur þurfa að hafa fyrir því að kynna sér innihald bókarinnar því það kallar á lestur. Þetta reynist mörgum erfitt í heimi þar sem hlutirnir þurfa að gerast strax og það án þess að til komi mikið vinnuframlag á móti. Þolinmæðin er af skorum skammti. Hér getur kennarinn komið til aðstoðar. Í því sambandi má nefna kynningar á bókum, sýna nemendum bækur í kennslustundum, lesa upp úr þeim, varpa myndum úr bókunum af bókvarpa upp á skjá, kynna höfundana, kynna málefni sem fjallað er um í bókunum og eiga sér stoð í raunveruleikanum, segja frá bíómyndum sem unnar eru upp úr bókum o.s.frv. Allt er þetta gert til að koma þeim á sporið. Sýna fram á að bók er ekki bara pappír með táknum heldur stútfullur heimur af spennu, húmor, gleði, sorg og öðru sem tengja má við raunheim unglinga. Gott er að nýta aðdraganda jóla í slíkar kynningar á háannatíma bókaútgáfunnar. Varpa bókauglýsingum upp á skjá, spila vel valið efni úr útvarpinu þar sem fjallað er um nýútkomnar bækur, sýna vel valið efni úr sjónvarpinu þar sem fjallað er um bækur og bókmenntir, fletta í gegnum Bókatíðindi á netinu sem Félag íslenskra bókaútgefanda gefur út fyrir hver jól, vinna með bókasafnskennara sem sér um að kynna nýja bókartitla á safninu o.s.frv. Við höfum nýtt okkur athyglina sem bækur og rithöfundar fá í nóvember og desember og kynnt fyrir nemendum höfunda eins og Arnald Indriðason, Yrsu Sigurðardóttur og Þorgrím Þráinsson. Skólasafnskennari Giljaskóla segist vera farinn að merkja aukinn áhuga nemenda á bókum þessara höfunda.



## ***Aukið aðgengi að bókum***

Eitt er það sem við teljum styðja við fyrrnefndar hugmyndir og ýta undir áhuga nemenda á bókum og lestri. Það er að koma bókum fyrir sem víðast í skólanum. Við höfum á nokkrum undanförunum árum sett upp hillur í skólanum, bæði á efstu hæð skólans og á kaffistofu starfsmanna.

Við höfum óskað eftir því við foreldra barna á unglíngastigi og starfsmenn að láta bækur af hendi rakna til að fylla í hillurnar og hefur það gefist afar vel. Þegar þessi orð eru skrifuð hafa átta bókahillur verið settar upp hjá unglíngunum og fjórar á kaffistofunni. Hugsunin er



tvíþætt. Annars vegar að gefa nemendum kost á því að taka sér bók í hönd þegar því verður við komið utan kennslustunda og án þess að þurfa að fara á bókasafnið. Hins vegar að hafa bækur sem mest fyrir augunum. Við teljum að sjónræni þátturinn sé vanmetinn. Því meira sem nemendur sjá af bókum í umhverfinu, því betra. Hillurnar á kaffistofunni skipta máli í stóra samhenginu. Umræður um bækur eiga sér frekar stað á meðal starfsmanna og einhverjir nýta sér bækurnar til að fara með heim og lesa. Vonandi skilar þetta litla átak á kaffistofunni sér inn í kennslustundirnar með samræðunni um bækur og lestur. Þannig leggja starfsmenn sitt lóð á vogarskálarnar við að auka áhuga unglínganna á bókum og lestri án þess að ætla sér það sérstaklega. Bókahillurnar stuðla að sameiginlegu átaki í að fylla skólann af bókum og allir upplifa sig sem eina heild með sameiginlegt markmið.

*Ekkert er dásamlegra en bók. Hún færir okkur skilaboð frá hinum látnu, frá sálum sem við kynntumst aldrei og áttu ef til vill heima í órafjarlægð. Og þó tala þessi litlu pappírslöð til okkar, vekja okkur til meðvitundar, kenna okkur, opna hjörtu okkar og opna hjörtu sín fyrir okkur svo sem værum við bræður þeirra. Án bóka er Guð þögull, réttlætið óvirkt og heimspekin leiðinleg.<sup>11</sup>*

— Charles Kingsley (Kingsley, 2016)

## **Að lokum þetta**

Hugmyndirnar sem nefndar hafa verið eru áherslur, ekki tæmandi listi. Hér eru ótaldar fjölmargar kennsluhugmyndir byggðar á gömlum grunni sem notaðar hafa verið til langs tíma með misjöfnum árangri. En jafnvel „hin leiðinlegustu“ verkefni öðlast líf þegar þeim er teflt fram samhliða lifandi og merkingarbærum verkefnum. Þannig er hægt að fá nemendur til að lesa þurran texta í þungri bók um skáld og bókmenntastefnur fyrri tíma, jafnvel með votti af áhuga. Allt vegna þess hvernig farið var af stað í byrjun og hvaða áherslur réðu för. Þess vegna fela áherslur Giljaskólaleiðarinnar ekki í sér afnám fyrri tíma hugmynda heldur meira ábendingu um mikilvægi þess hvernig efnið er matreitt ofan í nemendur. Þar geta gamlar áherslur vel farið saman við nýjar.

---

<sup>11</sup> *There is nothing more wonderful than a book. It may be a message to us from the dead, from human souls we never saw who lived perhaps thousands of miles away, and yet these little sheets of paper speak to us, arouse us, teach us, open our hearts and in turn open their hearts to us like brothers. Without books, God is silent, justice dormant, philosophy lame.*

*Stöðugt aukast kröfur samfélagsins um að fólk geti skrifað margvíslega texta og tjáð sig skriflega í námi, starfi, félagslífi og einkalífi. Þeir sem hafa gott vald á rituðu máli hafa tök á að miðla efni til annarra. Þeir eru einnig líklegir til að njóta þess sem vel er gert og meta það sem aðrir birta. Með þessum hætti tengjast lestur og ritun. Þar hefur hvort gagn af öðru og því mikilvægt að kenna og þjálfast lestur og ritun samhliða, allt frá upphafi skólagöngu til loka hennar og byggja upp stigvaxandi hæfni í ritun. Greina má þjálfun í ritun í tvo meginþætti þótt þeir séu oft samofnir í reynd. Annars vegar er textinn sjálfur, svo sem val á textagerð, skipan efnispátta, málsnið, mál og stíll. Hins vegar eru tæknileg atriði, þ.e. skrift, stafsetning, uppsetning og frágangur texta. Leggja ber mikla áherslu á að nemendur nái tökum á að setja eigið efni skýrt og skipulega fram með ýmsum hætti, fyrir ólíka hópa lesenda og í mismunandi tilgangi, bæði handskrifað og á stafrænu formi. Við alla textagerð er nauðsynlegt að gæta að þeim tveimur meginþáttum sem að ofan greinir. Gildir þá einu hvort nemandinn er að skrifa bókmenntalegt efni, nytjatexta eða ritgerðir og hugleiðingar. Nemendur þurfa að læra að gagnrýna og endurskoða eigin texta og einnig að taka uppbyggilegri og faglegru gagnrýni frá öðrum og nýta sér hana til að bæta ritsmíðar sínar. Þeir þurfa jafnframt að eiga þess kost að umrita og bæta texta sína eftir því sem þurfa þykir og geta nýtt sér ýmis tiltæk hjálpartæki í því skyni. (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013)<sup>12</sup>*

## Ritun

### ***Handskrifaðir textar á undanhaldi***

Kennsla í ritun er með ýmsum hætti. Í sumum tilfellum er ritun fyrirferðarmikill þáttur í íslenskunámi unglinga, í öðrum skipar hún lítinn sess. Stafsetning hefur einnig átt sinn stað í íslenskukennslu. Tölvuvæðingin hefur ekki dregið úr möguleikum

<sup>12</sup> Textinn kemur fyrir á bls. 99 í kafla 19.1.3 – Ritun.

nemenda á að fást við skapandi skrif, jafnvel auðveldað vinnuna fyrir einhverja. Nokkuð svipaða sögu má þó segja um þróun ritunar á unglíngastigi og um þróun lesturs þegar kemur að handskrifuðum textum. Dregið hefur verulega úr þeim. Nemendur handskrifa mun sjaldnar núorðið en áður tíðkaðist. Hér skal ekki lagt mat á kosti eða galla þess en vert er að vera vakandi yfir þessari þróun og full ástæða til að spyrja spurninga. Viljum við að nemendur okkar skrifi meira og minna alla texta í tölvu og fari þannig mögulega á mis við æskilega þjálfun sem felst í að handskrifa?

### ***Skapandi skrif í dagbók***

Á unglíngastigi í Giljaskóla er mikil áhersla lögð á ritun. Farið er fram á skil á textum unnum í tölvu sem og handskrifuðum textum. Árið 1998 birti Joshua M. Smyth niðurstöður úr allsherjargreiningu (meta-analysis) þar sem skoðaðar voru ólíkar rannsóknir á því hvaða áhrif skapandi skrif geta haft á heilsu fullfrískra einstaklinga.<sup>13</sup> Niðurstöðurnar voru birtar í hinu virta vísindatímariti *Journal of Consulting and Clinical Psychology* sem gefið er út af Samtökum bandarískra sálfræðinga (APA). Niðurstöðurnar sýndu fram á ótvíræða kosti og jákvæð áhrif þess á heilsuna að skrifa um sig og tilfinningar sínar (Smyth, 1998). Nokkuð mörg ár eru liðin frá því að við fórum að gera þá kröfu til nemenda okkar að þeir handskrifuðu í dagbók og skráðu í hana með reglulegum hætti. Dagbókin hefur fest sig í sessi þar sem nemendur handskrifa að jafnaði eina færslu á viku allt skólaárið. Ætlast er til að nemendur skili ákveðnum orðafjölda og farið er fram á vönduð vinnubrögð. Oftar en ekki er um frjálsa ritun að ræða en í vissum tilfellum ákveður kennari efnistöð. Í dagbók er áhersla lögð á skapandi skrif og að þau séu regluleg og sem oftast. Reynt er eftir fremsta megni að gera dagbókina að eftirsóknarverðum þætti í náminu þar sem nemendur geta skráð hugleiðingar sínar, vonir og væntingar, sorgir og sigra eða

---

<sup>13</sup> „A research synthesis was conducted to examine the relationship between a written emotional expression task and subsequent health. This writing task was found to lead to significantly improved health outcomes in healthy participants.“

hversdagslega hluti svo sem athafnir daglegs lífs. Þeir eru hvattir til að föndra við bókina sína, teikna myndir og lita, gera hana persónulega.

### ***Nemendur skrifa ótt og títt***

Kennarar hafa í mörg horn að líta. Þar sem íslenskukennarar kenna gjarnan fleiri en einum bekk kann einhver að spyrja hvernig í ósköpunum þeir eigi að hafa tíma til að fara yfir texta í nánast hverri viku frá kannski 2-3 þremur bekkjum. Það er vitanlega ekki boðlegt. Eigum við þá að fækka þeim skiptum sem nemendur skrifa texta og skila í samræmi við þann tíma sem kennarar hafa til að fara yfir? Hver sá sem hefur einhverja reynslu af kennslu veit að þá yrðu dagbókarfærslurnar fáar og nemandinn fengi ekki þá reglulegu æfingu sem æskileg er til að framfarir eigi sér stað. Þá er nú kannski bara betra heima setið en af stað farið. Auðvitað vilja kennarar fara eins vel yfir öll verkefni og nokkur kostur er með tilliti til innihalds, uppsetningar, málfars og stafsetningar. Við þurfum hins vegar líka að vera raunsæ. Valið stendur, í mörgum tilvikum, á milli þess að láta nemendur skrifa ótt og títt án þess að kennarinn fari yfir hvern staf í hvert skipti eða láta tíma kennarans ráða för sem hefur í för með skil á fáum færslum. Hvort er ákjósanlegra fyrir nemendur? Svori hver fyrir sig. Hægt er að nota nokkrar vel valdar dagbókarfærslur til að fara yfir, meta, gefa endurgjöf eða hvaðeina sem kennarinn telur nauðsynlegt samhliða skrifum nemandans eða einfaldlega nota önnur verkefni til þess. Hér er, ásamt gæðum, lögð áhersla á magn til að þjálfa upp ákveðna ritfærni. Það verður ekki gert öðruvísi en þannig að nemendur skrifi meira en kennarinn hefur tók á að fara yfir.

## Merkingarbær ritun

Mikilvægt er að nemendur upplifi námið merkingarbært. Að viðfangsefnin endurspegli lífið utan veggja skólans. Íslenskunám á unglingsstigi hefur einkennst um of af utanbókarlærdómi með áherslu á námsbækur, reglur, aðferðir og stefnur. Við

**HUGLEIÐINGAR Á ADVENTU**

Núna þegar jólin eru að ganga í garð leiðir maður hugann að undirbúningi þeirra. Allt af eru sömu hefðir á báðum mínum heimilum fyrir hver einustu jóli og verkefni þau sömu; baka margar tegundir af smákökum, búa til ís, skera laufabrauð, kaupa Mackintosh og setja á dagatal, búa til piparkökukúsi, hjálpa foreldrum mínum að þrifa og skreyta, hjálpa ömmum mínum og afa og kaupa jólagjafir. Þá eru jólabóð stór þáttur í jólahaldinu fjölskyldunnar. Já, það er svo samarlega í röng horn að líta.

Eflaust hafa flestir jafnaldrar mínir svipaða sögu að segja. Þetta eru jó allt dæmi um nokkuð hefðbundnar athafnir í desember og eru þannig sjálfsgöbur hluti af undirbúningi margra fyrir jólin. En ekki allir! Ég hef grun um að það séu því miður of margir sem geti ekki lítio á slíkan undirbúning sem sjálfsgöbur hlut. Fyrir sumra eru jólin alls ekkert gleðileg og eflaust kvíðnæg í einhverjum tilfellum. Ætli jafnaldrar mínir allir fái t.a.m. hangikjöt, rjúpur eða hamborgarhygg (jólamatinn eins og ég um þessi jóli? Skyldi þeim standa til bóða meira úrval af smákökum en kökurnar sem þeir fá að gera í heimilisfræði í skólanum. Er öruggt að allir fái jólagjafir frá foreldrum sínum núna þegar kreppan er farið að segja til sín? Margir eru án atvinnu og hafa þá ekki pening til að borga mat eða kaupa gjafir. Þá er gott að eiga góða að. Þar er ég að tala um opinberar stofnanir og

eða hjálparstíttök sem starfa í þógu þeirra sem minna mega sín. Mæðra- styrknefnd er dæmi um slík stíttök. Nefndin dreifir mat í hverju vikunni og fótum og ýmsu smalegu einu sinni í mánuði. Þá styrkir hún einnig fermingarbörn og gefur styrki til barna á hverju sumri til leikjánaðs. Að auki fá nýfædd börn gjafapakka með fótum og öðru. Um jólin gefa stíttökin jafnframt jólagjafir í sérstakeri jólahúrun. Fjölskylduhjálpin, Hjálparstíttök kirkjunnar og Rauði krossinn eru einnig dæmi um stíttök sem koma til hjálpar þegar kreppir að. Á hverju ári hjálpa þessi stíttök og fleiri þjóðum fjölskyldna að gera lífið berrilegt. Hjá þeim er hægt að fá matargjafir, innviðarkort í verslanir, styrki, fatagjafir, jólagjafir og fleira. Það er kostnaðarsamt að sjá fyrir fjölskyldu. Það vita allir sem eiga börn. Þrátt fyrir að stíttökum hópum fólks þurfi á þessari hjálpi að halda eru ekki allir tilbúin að bjóla um hana. Fólk skammast sín fyrir að geta ekki séð um fjölskylduna sína og sækir því ekki um hjálp. Raðirnar sem myndast þegar fólk fær matargjafir eru ekki til þess að auðvelda fólk að leita aðstoðar. Það er vandræðalegt að rekast á einhvern sem þú þekkir og býst ekki við að hitta í röðinni. Barna koma gjafabréf matvöruverslana sterkt inn. Í stað þess að bjóla í röð eftir mat, og fá jafnvel eitthvað sem þú getur ekki notað, ferðu einfaldlega í Netto eða Bónus, kaupir inn það sem vantar og

borgar með gjafakorti sem þú færð hjá hjálparstofnunum. Þessar hjálparstofnanir eru ólíkar að vissu leyti en hafa þó allar sama markmið. Að hjálpa fólk sem þarfnast þess. Sumar þeirra starfa aðeins innanlands meðan aðrar sinna einnig búgættum erlendis. Þær vinna allar flott starf og fá aldrei nógu mikið þakklæti og athygli fyrir vinnuna sína.

Ég er í hópi þeirra heppnu sem geta leift sér að hlakka til jólna. Fyrir það er ég þakklát. Mér þykir leiðinlegt að hugsa til þess að þarna úti eru krakkar á mínum aldri sem finna ekki gleðina í hjartanu vegna erfiðra aðstæðna. Ljóslo í myrkrunu er hópur einstaklinga sem er tilbúinn að vinna launalaust til þess eins að hjálpa náunganum. Í raun er með ólíkindum hvað sá hópur er stór á þessu litla, blessaða landi okkar. Ég tek ofan hattinn fyrir þessu fólk. Um leið og ég óska öllum gleðilegra jóla vil ég benda á tónleika Kvinnakórs Akureyrar í Höfn í dag, fimmtudaginn 8. desember. Allur ágóði rennur til Mæðrastíttöknefndar.

Ásta Guðrún Eydal.

sem eldri erum áttum okkur á mikilvægi þess að læra um eitt og annað í bókum sem nemendur sjá lítinn tilgang með. Þá er nauðsynlegt að gera námið í senn árangursríkt og áhugavert í augum nemenda. Og hvernig gerum við það? Við reynum að láta námið endurspeglja þann raunveruleika sem nemendur þekkja eins og kostur er. Til þess þarf stundum að fara ótroðnar slóðir. Í staðinn fyrir að láta nemendur skrifa texta sem aðeins kennarinn sér og

endar svo sem krumpað blað ofan í skólatösku eða ruslatunnu er hægt að birta hann á opinberum vettvangi. Byrja má þar sem heimatökin eru hæg svo sem á heimasíðu skólans. Síðan má fíkra sig áfram á aðrar heimasíður, í staðarblaðið og þess vegna í landsblöðin, útvarp og sjónvarp.

## Greinar birtar á opinberum vettvangi

Tvö ítarleg ritunarverkefni eru unnin hið minnsta á hverju skólaári á unglingsstigi í Giljaskóla. Eitt á hvorri önn. Gjarnan tölum við um greinar í því sambandi. Í annarri greininni taka nemendur fyrir málefni að eigin vali sem hefur

skírskotun til umhverfisins í kring, hverfið í 8. bekk, heimabyggð í 9. bekk og Ísland í 10. bekk. Greinarnar eru birtar á heimasíðu Grenndargralsins, [www.grenndargral.is](http://www.grenndargral.is). Í hinni greininni deila nemendur hugleiðingum um skólann og skólastarfið með lesendum. Skólagreinarnar eru birtar á heimasíðu Giljaskóla. Á vorönn hafa nemendur í 10. bekk val um að skrifa grein að eigin vali ætlaða til birtingar í einhverjum af stærri fréttamiðlum landsins. Þannig er markmið með greinaskrifunum að fá þær birtar á opinberum vettvangi hvort sem um er að ræða smærri miðla heima fyrir eða stærri miðla utan heimabyggðar. Liður í útbreiðslu greinanna er dreifing þeirra á fésbókarsíðu Giljaskólaleiðarinnar. Þar sem hér er um raunverulegt viðfangsefni að ræða sem teygir anga sína út fyrir skólann huga nemendur sérstaklega vel að málfari, uppbyggingu og öðru er viðkemur uppsetningu og frágangi á texta. Við vinnslu greinanna er byrjað á hugstormun, punktar og hugmyndir skráðar niður og útbúinn samfelldur texti sem kallast drög. Kennarinn gerir athugasemdir og skilar til nemandans sem gerir viðeigandi lagfæringar áður en greinin er tilbúin til birtingar. Rétt eins og með málþingin fylgir rökstuðningur bókstöfum við mat á greinum og dagbók (sjá dæmi bls. 60).

### ***Lýðræði í verki***

Áður var minnst á ótroðnar slóðir. Erfitt getur verið að koma nýjum, róttækum hugmyndum í framkvæmd. Fyrsta veturinn þurfti að ganga á eftir nemendum til að fá þá til að skrifa greinarnar. Eftir að þeir fóru að sjá afraksturinn varð mun auðveldara að sannfæra þá um að þeir gætu þetta. Nú er svo komið að nemendur líta á þetta sem eðlilegan hluta íslenskunámsins. Sumir jafnvel leita til okkar og spyrja hvort þeir geti fengið birtar greinar eftir sig. Þetta er mjög skemmtileg þróun. Í grein sem birtist í

Netlu árið 2010 fjallar höfundur um lýðræði í skólum.<sup>14</sup> Til að innræta börnum lýðræðislegan þankagang er mikilvægt að skólar búi nemendum sínum skilyrði til að læra um lýðræði með því að tileinka sér lýðræðislega starfshætti – lýðræði í verki (Wolfgang Edelstein, 2010). Greinaskrifin eru dæmi um þetta. Nemendum gefst tækifæri til að láta rödd sína heyrast og vonandi hvetur þetta þá sem hafa áhuga á þjóðfélagsumræðu og skapandi skrifum að koma sínu efni á framfæri. Það virðast allir ánægðir, krakkarnir, foreldrar þeirra, lesendur og almenningur úti í bæ. Það er gott fyrir börnin okkar að læra að orða hugleiðingar sínar og koma þeim frá sér í rituðu máli. Auk þessa má nefna málþingsverkefni sem áður hafa verið nefnd en þau skarast vissulega á við áherslur í framsögn. Í öllum þessum verkefnum reynir ekki síður á ritun en framsögn.

---

<sup>14</sup> Wolfgang Edelstein var ráðgjafi menntamálaráðherra árin 1966-1984 og aftur árin 1989-1991. Edelstein skrifaði bókina *Skóli – nám – samfélag* sem fyrst kom út árið 1988. Í bókinni eru nýjar hugmyndir við kennslu og nám í samfélagsfræði kynntar til sögunnar með áherslu á merkingarbær viðfangsefni.



*Mikilvægt er að grípa þau tækifæri sem gefast til að nota málfræðihugtök til nánari útskýringa, svo sem við ritun texta, í umfjöllun um bókmenntir og í málfarsumræðum. Málfræði og kennsla hennar má ekki vera einangrað fyrirbæri í kennslunni heldur virk í athugun á texta og töluðu máli, ekki síst í umfjöllun um texta nemenda sjálfra. (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013)<sup>15</sup>*

## Málfræði

### *Málfræði hefur skipað stóran sess*

Fyrstu ár okkar í kennslu var málfræði sá þáttur íslenskunnar sem lögð var



mest áhersla á. Heilu bækurnar voru og eru í boði þar sem málfræði er tekin fyrir sem sjálfstæður þáttur innan íslenskunnar án nokkurrar tengingar við aðra þætti. Gaman væri að rýna í hvað raunverulega bjó að baki þessari ofuráherslu á málfræði

<sup>15</sup> Efnisgreinin kemur fyrir á bls. 100 í kafla 19.1.4 – Málfræði.

á kostnað annarra námsþátta svo sem framsagnar og ritunar. Við látum aðra um það. Gjarnan heyrðust þær raddir að til að lifa íslenskuna af í framhaldsskólum yrðu nemendur að geta þulið upp heilu málfræðireglurnar. Þá spyr maður sig; getur verið að framhaldsskólar í dag geri aðrar kröfur til nemenda en áður fyrr? Er sama áhersla lögð á málfræði og var á árum áður? Mikið námsefni hefur verið á boðstólnum í málfræði og ef kennarar eru námsefnismiðaðir er ljóst að mikinn tíma þarf til að komast yfir allt efnið. En kannski var helsta ástæðan fyrir þessari ofuráherslu einfaldari en svo. „*Þetta er bara svona af því að þetta hefur alltaf verið svona.*“ Maður veltir fyrir sér hvort íhaldssemin og óttinn við að feta nýjar slóðir hafi verið stærsti dragbíturinn í að koma á eðlilegu jafnvægi milli ólíkra þátta íslenskunnar í takt við breyttar áherslur. Kann að vera að samræmdu prófin hafi ráðið för að einhverju leyti? Ef það er tilfellið vaknar önnur spurning í framhaldi af því þess efnis hvort það sé eðlilegt. Án nokkurs vafa er nauðsynlegt fyrir nemendur að kunna skil á helstu málfræðireglum og hér er ekki ætlunin að gera lítið úr því. Hins vegar er eðlilegt að velta því fyrir sér hvort sá mikli þungi sem hefur verið lagður í málfræðikennslu á unglíngastigi, á kostnað annarra þátta, sé í takt við tímann. Við getum endalaust velt þessu fyrir okkur og sitt sýnist hverjum. Við erum hugsi yfir því hvers vegna málfræði virðist enn skipa svo stóran sess þegar horft er til þess veruleika sem bíður nemenda þegar skólagöngu lýkur og þátttaka í lýðræðissamfélagi tekur við.

### ***Hugsað upphátt***

Málfræðin er ekki sá þáttur sem einfaldast er að matreiða ofan í nemendur á unglíngastigi þannig að þeir sinni honum af áhuga. Við teljum að málfræðinám nemenda í 8.-10. bekk megi matreiða þannig að áhugi vakni og vilji til að læra sem svo í framhaldinu leiði af sér bættan árangur. Og þetta teljum við mögulegt þó tími til málfræðikennslu styttest. Að skapa stemningu í hóp er vænlegt til árangurs. Að mynda liðsheild þar sem nemendur upplifa sig sem samheldinn hóp sem stefnir að sama

markmiði. Kennarinn þarf sjálfur að vera jákvæður og áhugasamur gagnvart málfræðinni. Þar er þó aðeins hálfur sigur unninn því hann þarf að vera óhræddur við að sýna það í kennslustundum með því að vera lifandi í útskýringum, tengja viðfangsefnin við daglegt líf nemenda og virkja nemendur til þátttöku með samræðunni. Þegar nemendur leggja sig fram er hrós gulls ígildi. Vissulega þarf að vera innistæða fyrir hrósinu en ef kennarinn nær að skapa þessa stemningu og liðsheild, líður ekki langur tími þar til góðir hlutir gerast sem verðskulda hrós. Þá grípur maður gæsina og hrósar fyrir vel unnin störf og það gerir maður af einlægni. Þetta virkar sem mikil hvatning á flesta nemendur og þar með er boltinn farinn að rúlla. Áður en langt um líður hættir málfræðin að vera þessi þurri og leiðinlegi þáttur og fer í staðinn að verða áhugavert viðfangsefni þar sem umbunin kemur innan frá - „ég get þetta!“ Þegar þetta fer saman við ánægjuna sem nemendur upplifa í gegnum aðra skemmtilega og merkingarbæra vinnu í íslensku aukast líkurnar á að árangurinn í málfræði batni. Það hefur svo þau jákvæðu áhrif að ekki þarf lengur að eyða öllum þeim mikla tíma og orku við að opna heim málfræðinnar fyrir nemendum eins og kennarar hafa reynt til langs tíma. Hlutirnir gerast einhvern veginn meira sjálfkrafa og kennarinn þarf ekki að hafa eins mikið fyrir hlutunum. Nemendur upplifa innri námshvöt og þeir eiga auðveldara með að tileinka sér nýja þekkingu því áhuginn er til staðar og trúin á eigin getu. Eitthvað sem tók tvær kennslustundir eða meira að læra áður tileinka nemendur sér á styttri tíma því skilyrðin eru loksins eins og þau þurfa að vera til að nám fari fram.

## Þrjár stoðir Giljaskólaleiðarinnar

Giljaskólaleiðin leggur áherslu á framsögn, lestur og ritun í gegnum raunveruleg, merkingarbær viðfangsefni sem endurspeglar veruleikann eins og hann blasir við utan veggja skólans. Markmið með verkefnum er að endanleg útkoma þeirra komi fyrir augu og eyru almennings í ræðu eða riti.

Áherslur í *töluðu máli, hlustun og áhorfi* eru þjálfun í framsögn og merkingarbær viðfangsefni. Reglulegar æfingar svo sem bekkjarfundir, mælsku- og rökræðukeppnir innan bekkja og upplestur innan sem utan skóla þegar tækifæri gefst. Nemendur taka þátt í haust- og vormálþingi öll þrjú árin. Nokkur vel valin málþing eru hljóðrituð og sett á veraldarvefinn fyrir áhugasama til að hlýða á. Markmiðið er að stuðla að gagnrýninni hugsun, þjálfna nemendur í að koma skoðunum sínum á framfæri munnlega og brjóta niður múra feimni og óframfærni.

Áherslur í *lestri og bókmenntum* eru að glæða áhuga á lestri og auka aðgengi að bókum. Jákvætt viðhorf kennara til bókmennta og vilji til að smita frá sér gleðinni sem fylgir lestri góðrar bókar. Frjálslestur nemenda og upplestur kennara. Kynningar kennara á bókum og rithöfundum. Tengja efni bóka við raunheim nemenda t.d. bíómyndir. Auka hlut sjónræns þáttar. Setja upp hillur og fylla þær af bókum sem víðast í skólanum, jafnt þar sem nemendur dveljast sem og á kaffistofu starfsmanna. Markmiðið er að auka áhuga á lestri og stuðla þannig að auknum lesskilningi og bættu læsi.

Áherslur í *ritun* eru þjálfun í ritun og merkingarbær viðfangsefni. Regluleg skapandi skrif í persónulega dagbók þar sem texti er handskrifaður. Nemendur skrifa haust- og vorgrein öll þrjú árin. Greinarnar birtast á opinberum vettvangi svo sem á heimasíðum og í dagblöðum. Textagerð í tengslum við málþing. Markmiðið er að virkja sköpunarkraft, stuðla að gagnrýninni hugsun og þjálfna nemendur í að koma skoðunum sínum á framfæri skriflega.

## Grunnpættir menntunar – 8. bekkur

Grunnpáttur	Áhersluþættir grunnpáttanna menntunar í íslensku.
<b>HEILBRIGÐI OG VELFERÐ:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>„Áhugamál í Giljahverfi.“ Málþing að hausti. Nemendur segja frá tómsundum í heimabyggð, gera grein fyrir aðstæðum til tómsundaiðkunar og koma með tillögur að úrbótum. Lýðheilsa byggir á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan og verkefni sem þetta er viðleitni í þá átt að styrkja sjálfsmyndina. Verkefnið, en ekki síður vinnuferlið í heild, stuðlar að velferð nemenda til jákvæðrar sjálfsvitundar. Í 31. grein Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna kemur fram ótvíræður réttur barna til að stunda tómsundaiðu.<sup>16</sup></li> </ul>
<b>JAFNRÉTTI:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>„Í Giljaskóla hafa strákar og stelpur sömu réttindi“ – með / móti. Mælsku- og rökræðukeppni í bekknum. Markmiðið er að gera nemendur meðvitaðri um stöðu sína í samfélagi manna, stöðu kynjanna og uppbyggingu skólasamfélags án aðgreiningar - jafnrétti kynjanna varðandi námsmöguleika, námsefni, kennsluaðferðir og námsumhverfi. Ennfremur að hjálpa nemendum að tileinka sér gagnrýna skoðun á viðteknum venjum. Samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna hefur barn rétt; „til að láta þær [skoðanir] frjálsglega í ljós í öllum málum sem það varða, og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska.“<sup>17</sup></li> </ul>
<b>LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Greinaskrif nemenda og birtingar á opinberum vettvangi. Hverfið og skólinn. Nemendur tjá eigin tilfinningar og skoðanir á nánasta umhverfi. Nemendur leggja sitt af mörkum til uppbyggingar á lýðræðislegu og samábyrgu samfélagi. Nemendur fá að láta rödd sína heyrast með því að beita rökhugsun og gagnrýninni hugsun. Þannig fá þeir tækifæri til að vekja athygli á hagsmunamálum sínum. Um leið veita þeir visst aðhald sem kann að vernda gegn brotum á sjálfsögdum réttindum íbúa hverfisins og nemenda og starfsfólks Giljaskóla. Um tjáningarfrelsi í Barnasáttmálanum segir að; „Barn á rétt til að láta í ljós skoðanir sínar, og felur það í sér rétt til að leita, taka við og miðla hvers kyns vitneskju og hugmyndum, án tillits til landamæra, annaðhvort munnlega, skriflega eða á prenti, í formi lista eða eftir hvers kyns öðrum leiðum að vali þess.“<sup>18</sup></li> </ul>
<b>LÆSI:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Frjálstlestur, bóka- og rithöfundakynningar og upplestur kennara á framhaldssögu. Hrafnkels saga Freysgoða. Rík áhersla er lögð á að reyna eftir fremsta megni að glæða áhuga á bókum og lestri og auka aðgengi nemenda að bókum. Bókmenntalæsi.</li> <li>Heimildaleit. Nemendur skulu leita sér upplýsinga með því að styðjast við að lágmarki eina heimild við undirbúning að málþingi haustannar. Nemendur hafa val um heimildanotkun við undirbúning málþings að vori og við greinaskrif. Upplýsingalæsi. Auknum lestri og þátttöku í verkefnum þeim sem hér eru nefnd til sögunnar fylgir þjálfun í annars konar læsi svo sem menningarlæsi, tilfinningalæsi og samskiptalæsi.</li> </ul>
<b>SJÁLFBÆRNI:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Dagbókaskrif, ýmist frjáls ritun eða eftir fyrirmælum kennara. Nemendur skrá ýmis álitamál og ágreiningsefni, viðhorf og tilfinningar. Skrifin ýta undir gagnrýna sjálfsskoðun þeirra sem virkir þátttakendur í síbreytilegri veröld. Þannig geta skrifin opnað augu nemenda fyrir þeirri ábyrgð sem fylgir því að koma fram af virðingu við menn, dýr og náttúru.</li> <li>Bókahillur smíðaðar af nemendum í smíðavali í samstarfi við smíðakennara. Hillurnar eru gerðar úr hráefni úr heimabyggð. Efni sem til fellur þegar tré eru felld er nýtt í hillugerðina. Þannig sjá nemendur dæmi um sjálfbæra þróun í verki og skynsamlega nýtingu náttúruauðlinda.</li> </ul>
<b>SKÖPUN:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>„Litið um öxl.“ Málþing að vori. Hlutverkaleikur þar sem nemendur ímynda sér að þeir séu orðnir 70 ára þegar þeir koma aftur í gamla hverfið sitt eftir 50 ára fjarveru. Þeir rekja lífshlaupið og svara spurningum um hvernig sé að koma aftur heim, hvernig hverfið hafi þróast og hvað hafi breyst? Verkefnið virkjar sköpunarkraft nemenda og ýtir undir skapandi hugmyndir þeirra. Nemendur búa afurðina til með því að sjá fyrir hið óorðna og miðla því svo áfram til annarra nemenda og kennara.</li> </ul>

<sup>16</sup> Sáttmálinn tók gildi á Íslandi árið 1992.

<sup>17</sup> Tilvitnun í 12. grein Sáttmálans.

<sup>18</sup> Tilvitnun í 13. grein Sáttmálans.

## Grunnþættir menntunar – 9. bekkur

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar í íslensku.
<b>HEILBRIGÐI OG VELFERÐ:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• <i>Lífsstríðið – Æviferð Margrétar Róbertsdóttur.</i> Kennari les framhaldssögu fyrir nemendur. Margrét ólst upp í Þýskalandi nasismans, upplifði valdatöku Hitlers, seinni heimsstyrjöldina og innrás Rússa í landið 1945. Hún kom til Íslands sem flóttamaður í lok stríðsins og settist hér að. Heilbrigði og velferð í sögulegu samhengi, séð með augum ungrar stúlku á tímum seinni heimsstyrjaldar.</li> </ul>
<b>JAFNRÉTTI:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• <i>„Í Giljaskóla ríkir jafnrétti.“</i> Málþing að hausti. Nemendur rýna í hugtakið og reyna að gera grein fyrir merkingu þess. Nemendur taka afstöðu til fullyrðingarinnar, með eða á móti, nefna dæmi og rökstyðja mál sitt. Verkefnið er liður í að gera nemendur meðvitaða um stöðu sína í samfélagi manna, stöðu ólíkra hópa innan skólans og uppbyggingu skólasamfélags án aðgreiningar - jafnrétti allra nemenda varðandi námsmöguleika, námsefni, kennsluaðferðir og námsumhverfi. Ennfremur að hjálpa nemendum að tileinka sér gagnrýna skoðun á viðteknum venjum. Samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna hefur barn rétt; „<i>til að láta þær [skoðanir] frjálsglega í ljós í öllum málum sem það varða, og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska.</i>“</li> </ul>
<b>LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• <i>Greinaskrif</i> nemenda og birtingar á opinberum vettvangi. <i>Heimabyggð og skólinn.</i> Nemendur tjá eigin tilfinningar og skoðanir á nánasta umhverfi. Nemendur leggja sitt af mörkum til uppbyggingar á lýðræðislegu og samábyrgu samfélagi. Nemendur fá að láta rödd sína heyrast með því að beita rökhusun og gagnrýninni hugsun. Þannig fá þeir tækifæri til að vekja athygli á hagsmunamálum sínum. Um leið veita þeir visst aðhald sem kann að vernda gegn brotum á sjálfsögðum réttindum fólks í heimabyggð og nemenda og starfsfólks Giljaskóla. Í 13. grein Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, um tjáningarfrelsi, segir að; „<i>Barn á rétt til að láta í ljós skoðanir sínar, og felur það í sér rétt til að leita, taka við og miðla hvers kyns vitneskju og hugmyndum, án tillits til landamæra, annaðhvort munnlega, skriflega eða á prenti, í formi lista eða eftir hvers kyns öðrum leiðum að vali þess.</i>“</li> </ul>
<b>LÆSI:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• <i>„Hvað er mikilvægast að nemendur hafi í farteskinu þegar grunnskóla lýkur?“</i> Málþing að vori. Nemendur gera könnun á viðfangsefninu með sjálfsskoðun og með því að leita svara hjá fólki á mismunandi aldri. Þeir draga saman svörin, bera þau saman og gera grein fyrir niðurstöðunum. Vinna nemenda krefst samskipta, efnissköpunar og ályktunarhæfni. Verkefnið stuðlar að merkingarsköpun þar sem nemendur safna saman frumheimildum, vinna úr þeim og útbúa fullunna afurð sem þeir kynna fyrir jafnöldrum. Stafræn tæki eru notuð við vinnuna svo sem símar, tölvur og skjávarpar. Upplýsingalæsi, Samskipta- og stafrænt læsi. Auknum lestri og þátttöku í verkefnum þeim sem hér eru nefnd til sögunnar fylgir þjálfun í annars konar læsi svo sem bókmenntalæsi, menningarlæsi og tilfinningalæsi.</li> </ul>
<b>SJÁLFBÆRNI:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• <i>Dagbókaskrif</i>, ýmist frjáls ritun eða eftir fyrirmælum kennara. Nemendur skrá ýmis álitamál og ágreiningsefni, viðhorf og tilfinningar. Skrifin ýta undir gagnrýna sjálfsskoðun nemenda sem virkir þátttakendur í síbreytilegri veröld. Þannig geta skrifin opnað augu nemenda fyrir þeirri ábyrgð sem fylgir því að koma fram af virðingu við menn, dýr og náttúru.</li> </ul>
<b>SKÖPUN:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• <i>Frjálslestur.</i> Lestur opnar nýjan heim, örvar forvitni og ýtir undir nýjar hugmyndir. Með lestri virkja nemendur ímyndunaraflið. Rétt eins og sköpun byggist lestur á forvitni, áskorun, spennu og leit. Rík áhersla er lögð á að reyna eftir fremsta megni að glæða áhuga á bókum og lestri og auka aðgengi nemenda að bókum.</li> </ul>

## Grunnpættir menntunar – 10. bekkur

Grunnpáttur	Áherslupættir grunnpátta menntunar í íslensku.
<b>HEILBRIGÐI OG VELFERÐ:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• <i>“Unglingavandamál” – Hver er vandinn? Hvað er til ráða?</i> Málþing að vori. Nemendur velja sér viðfangsefni. Þeir setja saman þrískipta umfjöllun um svokallað unglingavandamál. Fyrsti hlutinn er almenn umfjöllun. Næst er vandinn greindur. Í lokin koma nemendur fram með hugmyndir að úrbótum. Þeir greina munnlega frá verkefninu og helstu niðurstöðum á sal. Lýðheilsa byggir á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan og vinna sem þessi ýtir undir skilning nemenda á því hvað raunverulega skiptir máli í lífinu. Niðurstöðurnar, en ekki síður vinnuferlið í heild, stuðla að heilbrigði og velferð nemenda til jákvæðrar sjálfsvitundar.</li> </ul>
<b>JAFNRÉTTI:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• <i>Lífsstríðið – Æviferð Margrétar Róbertsdóttur.</i> Kennari les framhaldssögu fyrir nemendur. Margrét ólst upp í Þýskalandi nasismans, upplifði valdatöku Hitlers, seinni heimsstyrjöldina og innrás Rússa í landið 1945. Hún kom til Íslands sem flóttamaður í lok stríðsins og settist hér að. Jafnrétti í sögulegu samhengi, séð með augum ungrar stúlku á tímum seinni heimsstyrjaldar.</li> </ul>
<b>LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• <i>Greinaskrif</i> nemenda og birtingar á opinberum vettvangi. <i>Ísland og skólinn/efnistök að eigin vali.</i> Að hausti tjá nemendur eigin tilfinningar og skoðanir á landi og þjóð í greininni um Ísland, allt eftir því hvað efst er á baugi í þjóðfélagsumræðunni hverju sinni. Í grein vorannar velja nemendur milli þess að deila hugleiðingum sínum um skólann og skólastarfið með lesendum og skrifa grein að eigin vali sem ætluð er til birtingar í einum af stóru fréttamiðlum landsins. Nemendur leggja sitt af mörkum til uppbyggingar á lýðræðislegu og samábyrgu samfélagi. Nemendur fá að láta rödd sína heyrast með því að beita rökhusun og gagnrýninni hugsun. Þannig fá þeir tækifæri til að vekja athygli á hagsmunamálum sínum. Um leið veita þeir visst aðhald sem kann að vernda gegn brotum á sjálfsögðum réttindum fólks. Í 13. grein Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, um tjáningarfrelsi, segir að; <i>„Barn á rétt til að láta í ljós skoðanir sínar, og felur það í sér rétt til að leita, taka við og miðla hvers kyns vitneskju og hugmyndum, án tillits til landamæra, annaðhvort munnlega, skriflega eða á prenti, í formi lista eða eftir hvers kyns öðrum leiðum að vali þess.“</i></li> </ul>
<b>LÆSI:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• <i>Frjálslestur</i>, bóka- og rithöfundakynningar og upplestur kennara á framhaldssögu. Rík áhersla er lögð á að reyna eftir fremsta megni að glæða áhuga á bókum og lestri og auka aðgengi nemenda að bókum. Bókmenntalæsi. <i>Heimildaleit.</i> Nemendur skulu leita sér upplýsinga með því að styðjast við að lágmarki eina heimild við undirbúning að málþingi vorannar. Nemendur hafa val um heimildanotkun við undirbúning málþings að hausti. Nota skal heimild við gerð greinar um Ísland. Upplýsingalæsi. Auknum lestri og þátttöku í verkefnum þeim sem hér eru nefnd til sögunnar fylgir þjálfun í annars konar læsi svo sem menningarlæsi, tilfinningalæsi og samskiptalæsi.</li> </ul>
<b>SJÁLFBÆRNI:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• <i>„Er Ísland græðgissamfélag“</i> Málþing að hausti. Nemendur ræða og útskýra hugtakið út frá umhverfislegu, samfélagslegu og efnahagslegu sjónarhorni. Álitamál rædd: Erum við að ganga á náttúruauðlindir til að uppfylla gerviparfir? Stuðlar gervipörfin <i>að eiga hluti</i> að ójöfnuði? Eru peningar og hlutir farnir að skipta meira máli fyrir okkur en jöfnuður og jörð? Nemendur taka afstöðu og kynna niðurstöður fyrir bekkjarfélögum. Þeir reyna að svara spurningunni sem kemur fram í nafni málþingsins. Samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna hefur barn rétt; <i>„ til að láta þær [skoðanir] frjálsglega í ljós í öllum málum sem það varða, og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska.“</i></li> </ul>
<b>SKÖPUN:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• <i>Dagbókaskrif.</i> Frjáls ritun. Forvitni, athafnaþrá, frumkvæði, frumleiki, uppgötva, njóta, áhugi, ímyndunarafli, leika sér, áskorun, spenna. Dagbókarskrifin virkja sköpunarkraft og ýta undir skapandi hugmyndir þeirra.</li> </ul>

## Grunnpættir menntunar – 8. - 10. bekkur

### 8. bekkur

Grunnpættir	viðfangsefni	Áhersluþættir Giljaskólaleiðarinnar
Heilbrigði og velferð	Áhugamál í nærumhverfi	Framsögn
Jafnrétti	Í Giljaskóla hafa strákar og stelpur sömu réttindi	Framsögn
Lýðræði og mannréttindi	Greinaskrif	Ritun
Læsi	Frjálslestur / heimildaleit	Lestur/læsi
Sjálfbærni	Dagbókaskrif / bókahillur	Ritun
Sköpun	Litið um öxl	Framsögn

### 9. bekkur


Grunnpættir	viðfangsefni	Áhersluþættir Giljaskólaleiðarinnar
Heilbrigði og velferð	Lífsstríðið – Æviferð Margrétar Róbertsdóttur.	Lestur
Jafnrétti	Í Giljaskóla ríkir jafnrétti.	Framsögn
Lýðræði og mannréttindi	Greinaskrif	Ritun
Læsi	Hvað er mikilvægast...?	Læsi/framsögn
Sjálfbærni	Dagbókaskrif	Ritun
Sköpun	Frjálslestur	Lestur

### 10. bekkur

Grunnpættir	viðfangsefni	Áhersluþættir Giljaskólaleiðarinnar
Heilbrigði og velferð	Ungringavandamál	Ritun/framsögn
Jafnrétti	Lífsstríðið – Æviferð Margrétar Róbertsdóttur.	Lestur
Lýðræði og mannréttindi	Greinaskrif	Ritun
Læsi	Frjálslestur / heimildaleit	Lestur/læsi
Sjálfbærni	Er Ísland græðgissamfélag	Framsögn
Sköpun	Dagbókaskrif	Ritun



## Verkefnislýsingar - framsögn





## Áhugamál í Giljahverfi

Málþing í október 2016 – 8. bekkur í Giljaskóla

Viðfangsefni: *Framsögn. Kynning á áhugamáli (tómstundum) sem nemandi sinnir eða stundar utandyra í hverfinu sínu.*

- Þú velur eitt áhugamál sem þú hefur og sinnir eða stundar í hverfinu þínu. Þú kynnir það munnlega fyrir bekkjarfélögum þínum.
- Þú blandar saman eigin reynslu og upplifunum og þekkingu sem þú aflar þér við heimildaleit.
- Þrjú eftirfarandi atriði skulu koma fram í kynningunni:

- 1) Hvert er áhugamálið? Segja frá í hverju áhugamálið felst.
- 2) Hvernig eru aðstæður í hverfinu til að sinna áhugamálinu? Af hverju?/af hverju ekki?
- 3) Nefndu a.m.k. eitt sem hverfisnefnd eða bæjaryfirvöld gætu gert til að auðvelda unglingum að sinna áhugamálum sínum í hverfinu.

- Einstaklingsvinna. Þið megið þó hjálpast að og vinna saman í aðdraganda málþingsins.
- Skriðu eina bls. í tölvu um viðfangsefnið, leturstærð 12, línubil 1,5. Myndir koma að auki. Skila má textanum til yfirlestrar eins oft og þú vilt!
- Þú skalt nota að lágmarki eina heimild auk eigin þekkingar. Mundu að skrá niður heimildina. Eftirfarandi atriði þurfa að koma fram:

Höfundur. *Titill.* Útgefandi. Útgáfustaður. Útgáfuár.  
Vefslóð.

- Þú mátt sýna 2-4 glærur (Power point) þegar þú kynnir verkefnið. Glærurnar sýnir þú eftir að kynningu lýkur.
- Að loknum flutningi skilar þú verkefninu til kennarans.
- Málþingið verður **miðvikudaginn 12. október**.

Gangi þér vel!

Brynjar og Steinunn



## Litið um öxl

Málþing í apríl 2017 – 8. bekkur í Giljaskóla

Viðfangsefni: *Framsögn. Kynning á „endurminningum“ nemenda.*

- Þú átt að ímynda þér að þú sért 70 ára. Þú ólst upp í Giljahverfi á Akureyri en fórst í burtu um tvítugt. Að 50 árum liðnum ert þú komin(n) heim aftur og upplifir miklar breytingar í gamla hverfinu.
- Þú rifjar upp, lítur yfir farinn veg og segir frá lífinu.  
Hvernig er að koma aftur heim? Hvað hefur breyst? Hvernig hefur hverfið þitt þróast?
- Nefndu a.m.k. **þrennt** sem er breytt frá því þú ólst upp í hverfinu. Jafnvel einhver nýjung sem þér dettur í hug sem er ekki komin fram í dag.  
Hér er tækifæri til að láta hugann fara á flug og þróa hverfið okkar.
- Skrifðu verkefnið sem frásögn í samfelldu máli þar sem þú rifjar upp lífshlaupið og atriðin hér að ofan koma fram. Lengd **300-400 orð**.
- Vandaðu uppsetningu og frágang. Gott er að hafa 12 punkta letur og línubil 1,5, því það er gott að lesa það upp af blaði.
- Málþingið verður á sal skólans **mánudaginn 17. apríl**.

*Gott að hafa í huga*

Hér er um málþing vorannar að ræða og er námsmat eftir því. Í því felst að áhersla er lögð á framsagnarhlutann þ.e. flutning verkefnisins. Áður en að flutningi kemur er æskilegt að nemendur rifji upp námsmat fyrir málþing haustannar en það má nálgast á mentor

Gangi þér vel!

Brynjar og Steinunn



## Í Giljaskóla ríkir jafnrétti

Málþing í október 2016 – 9. bekkur í Giljaskóla

Þú skalt búa til umfjöllun þar sem þú veltir fyrir þér fullyrðingunni „Í Giljaskóla ríkir jafnrétti!“ Taktu afstöðu til hennar, með eða á móti og færðu rök fyrir máli þínu. Þú byggir umfjöllunina að mestu á eigin reynslu og skoðunum en notast einnig við eina heimild. Verkefninu lýkur með flutningi.

Umfjöllunin skiptist í þrjá hluta:

- Inngangur. Í inngangi fjallar þú almennt um jafnrétti, reynir að gera grein fyrir hugtakinu og útskýra hvað felst í því. Þú mátt nýta þér eigin reynslu og skoðanir en auk þess er gott að nota skriflega heimild í þessum hluta.
- Meginmál. Hér fjallar þú um aðalatriðið. Þú tekur afstöðu til fullyrðingarinnar, rökstyður mál þitt og nefnir dæmi. Þú notar eigin reynslu og skoðanir til að byggja upp umfjöllunina.
- Lokaorð. Hér skráir þú niðurstöður þínar. Þú velur nokkur vel valin atriði úr inngangi og meginmáli, eitthvað sem þér þykir mikilvægast og segir frá því aftur með breyttu orðalagi.
- Textinn skal vera **300-400 orð**.
- Í lokin hefur þú heimildaskrá. Þar skráir þú heimildina sem þú notar í inngangi. Heimildin skal vera útgefin á pappír (bók, dagblað, tímarit, bæklingur eða annað þess háttar). Að þessu sinni er ekki leyfilegt að notast við heimildir í tölvu. Í kassanum sérðu hvernig þú skráir heimildina.

**Bók:** Nafn höfundar, *Nafn bókar*. Nafn útgefanda (útgáfustaður útgáfuár).

Dæmi: Guðmundur J. Guðmundsson, *Úr sveit í borg: Þættir úr sögu 20. aldar*. Námsgagnastofnun (Reykjavík 2002).

**Dagblaða- eða tímaritsgrein:** Nafn höfundar, „Nafn greinar“ *Nafn tímarits/dagblaðs*, árgangur, blaðsíðutal.

Dæmi: Inga Dóra Pétursdóttir, „Til hamingju Malala!“ *Fréttablaðið*, 14. árgangur, 18.

- Málþingið verður **miðvikudaginn 12. október**.

Gangi þér vel! Brynjar og Steinunn



## Hvað er mikilvægast að nemendur hafi í farteskinu þegar grunnskóla lýkur?

Málþing í apríl 2017 – 9. bekkur í Giljaskóla

Rannsóknarspurning: *Hvað telur þú mikilvægast að börn læri eða tileinki sér að lokinni grunnskólagöngu?*

- Þið ræðið við ellilífeyrisþega, einstakling á aldrinum 20-50 ára og nemanda í 10. bekk.
- Þið skráið niður svör viðmælanda ykkar og segið frá svörunum og örlítið frá viðmælendum.
- Þið svarið sjálf rannsóknarspurningunni og færið rök fyrir svarinu.
- Í lokin dragið þið saman niðurstöður rannsóknarinnar. Berið saman svörin – er samhljómur með þeim? Eru þau ólík? Hvað er það sem viðmælendur leggja áherslu á? Er ykkar svar líkt/ólíkt svörum viðmælanda ykkar? Má draga einhverjar ályktanir út frá svörunum?
- Munið að skrá viðtölin í heimildaskrá í lokin (nafn viðmælanda og hvar og hvenær viðtalið var tekið).
- Málþingið verður á sal skólans **mánudaginn 17. apríl**.

Tveir vinna saman í hóp. Hópurinn má sýna eina glæru og ræður hvernig hann notar hana. Hvert erindi/kynning má taka u.þ.b. 5 mínútur. Gestir á málþinginu verða nemendur í 9. bekk og íslenskukennarar. Ekki er útilokað að fleiri verði viðstaddir.

### *Gott að hafa í huga*

Hér er um málþing vorannar að ræða og er námsmat eftir því. Í því felst að áhersla er lögð á framsagnarhlutann þ.e. flutning verkefnisins. Áður en að flutningi kemur er æskilegt að nemendur rifji upp námsmat fyrir málþing haustannar en það má nálgast á mentor.

Gangi þér vel!

Brynjar og Steinunn



## ***Er Ísland græðgissamfélag? – kveikja***

### **Kveikja og hópavinna**

- „*Ef þú átt meira en sjö hluti þá eiga hlutirnir þig*“. Umræður um þetta kínverska máltæki áður en bekknum er skipt í hópa. *Hvað þýðir máltækið? Hver er boðskapurinn? Er hægt að skilja innihaldið á fleiri en einn veg? Ræða og útskýra máltækið í tengslum við sjálfbærni út frá umhverfislegu, samfélagslegu og efnahagslegu sjónarhorni.*
- Hópavinna, 3-4 saman í hóp. Nemendur fá eftirfarandi spurningar til að glíma við, komast að niðurstöðu og skrá hana niður. Hópurinn gerir grein fyrir niðurstöðunni munnlega.

Umhverfið: *Erum við að ganga á náttúruauðlindir til að uppfylla gerviparfir (símar, tölvur o.s.frv.)? Já / nei. Rökstuðningur!*

Samfélagið: *Stuðlar gervipörfin að eiga hluti að ójöfnuði? Já / nei. Rökstuðningur!*

Efnahagurinn: *Eru peningar og hlutir farnir að skipta meira máli fyrir okkur en jöfnuður og jörð? Já / nei. Rökstuðningur!*



## „Unglingavandamál“ – Hver er vandinn? Hvað er til ráða?

Málþing í apríl 2017 – 10. bekkur í Giljaskóla

Léleg sjálfsmynd  
Klámvæðing  
Verkaskipting á heimilum  
Óhófleg tölvu- og símanotkun  
Tjáningarfrelsi unglunga  
Hrakandi lesskilningur  
Áfengis- og vímuefnaneysla

Unglingar byrja að stunda kynlíf snemma  
Erfið samskipti við foreldra/fjölskylduna  
Nám að loknum grunnskóla  
Lífsgæðakapphlaup unglunga  
Réttindi og skyldur unglunga  
Strákar dragast aftur úr stelpum í námi  
Margir hætta snemma í íþróttum

- Þú setur saman þrískipta umfjöllun um viðfangsefnið. Fyrsti hlutinn er **almenn umfjöllun**. Næst greinir þú **vandann**. Í lokin kemur þú með hugmyndir að **úrþótum**. Að sjálfsögðu hefur þú nokkur vel valin inngangsorð og lokaorð að auki. Textinn skal vera 600-1000 orð. Þú vitnar a.m.k. einu sinni í heimild sem þú sjálf(ur)útvegar þér.
- Á málþinginu lest þú upp textann. Þú reynir að gera umfjöllunina eins mikið „lifandi“ og þú getur til að vekja áhuga hlustenda. Lykillinn að því er að undirbúa sig vel – æfa sig heima við að lesa upp textann. Þú mátt hafa eina glæru þér til stuðnings.
- Mat á verkefninu tengist þjóðfélagsfræði og íslensku. Innihald umfjöllunarinnar verður metið með þjóðfélagsfræði í huga. Framsögn (framsetning) verður metin með íslensku í huga.
- Málþingið verður á sal skólans **mánudaginn 17. apríl**.

### Skráning heimilda:

Geta skal heimilda í lok greinar. Ef um útprentaða heimild er að ræða (t.d. bók, dagblaða- eða tímaritsgrein) skulu eftirfarandi atriði koma fram:

**Bók:** Nafn höfundar, *Nafn bókar*. Nafn útgefanda (útgáfustaður útgáfuár).

Dæmi: Guðmundur J. Guðmundsson, *Úr sveit í borg: Þættir úr sögu 20. aldar*. Námsgagnastofnun (Reykjavík 2002).

**Dagblaða- eða tímaritsgrein:** Nafn höfundar, „Nafn greinar“ *Nafn tímarits/dagblaðs*, árgangur, blaðsíðutal.

Dæmi: Inga Dóra Pétursdóttir, „Til hamingju Malala!“ *Fréttablaðið*, 14. árgangur, 18.

**Vefslóð:** Dæmi: [http://www.mbl.is/sport/efstadeild/2015/01/07/sandra\\_sif\\_til\\_fylkis/](http://www.mbl.is/sport/efstadeild/2015/01/07/sandra_sif_til_fylkis/)

Gangi þér vel!

Brynjar og Steinunn



**Inngangur.** Þetta er nokkurs konar kynning, áhugi hlustenda er vakinn, hlustendur eru settir inn í umfjöllunina, byrjað á grípanði setningu o.s.frv.

-----

**Almenn umfjöllun.** Hér talar þú almennt um viðfangsefnið án þess að koma mikið með þínar eigin skoðanir. Þú getur vitnað í heimild, sagt frá staðreyndum o.s.frv.

**Hver er vandinn?** Hér svarar þú spurningunni og reynir að gera nokkuð ítarlega grein fyrir svarinu. Þitt mat. Ekki er nóg að svara í 1-2 setningum. Þú þarft að setja kjöt á beinið og rökstyðja mál þitt.

**Hvað er til ráða?** Hér svarar þú spurningunni og reynir að gera nokkuð ítarlega grein fyrir svarinu. Þitt mat. Ekki er nóg að svara í 1-2 setningum. Þú þarft að setja kjöt á beinið og rökstyðja mál þitt.

-----

**Lokaorð.** Hér dregur þú saman helstu niðurstöður úr því sem þú ert búin(n) að fjalla um í meginmáli. Sniðugt er að enda á grípanði setningu.

-----

**Heimildaskrá**

## Verkefnislýsingar - ritun







## Greinaskrif veturinn 2016 – 2017 – 8. bekkur

Þú skrifar tvær greinar í vetur, eina á hvorri önn. Greinarnar eru hluti af ritunarhluta í íslenskunámi þínu.

**Hverfið** þitt er viðfangsefni annarrar greinarinnar. Í hinni greininni deilir þú hugleiðingum þínum um **skólann og skólastarfið** með lesendum.

Í *hverfisgreininni* máttu fjalla um hvað sem er svo lengi sem það tengist á einhvern hátt nærumhverfi þínu. Í *skólagreininni* segir þú frá skólanum, skólalífínu eða öðru sem tengist veru þinni í Giljaskóla.

Greinin verður birt á opinberum vettvangi og því þarftu að huga sérstaklega vel að málfari, uppbyggingu og öðru er viðkemur uppsetningu og frágangi á texta. Hverfisgreinin birtist á [www.grenndargral.is](http://www.grenndargral.is). Skólagreinin birtist á [www.giljaskoli.is](http://www.giljaskoli.is). Þá er möguleiki á birtingu á öðrum netsíðum eða í dagblöðum.

Greinin skal vera 300-400 orð. Þú ræður hvort ritunarverkefnið þú tekur fyrir á haustönn. Hitt vinnur þú á vorönn.

Ein ljósmynd má fylgja hvoru verkefni, tekin af þér. Ef mynd fylgir með skal hún tengjast efni greinarinnar.

Ekki er nauðsynlegt að nota heimild(ir). Ef þú hins vegar notast við heimild þarftu að muna að geta hennar í sérstakri heimildaskrá sem fylgir með greininni.

- Drögum skal skila í síðasta lagi mánudaginn 27. febrúar.
- Fullunnu verkefni skal skila í síðasta lagi miðvikudaginn 15. mars.

**Vinnuferli:**

- Þú byrjar á hugstormun um efnistöð. Því næst er gott að skrá niður á blað hugmyndir og punkta sem enda svo sem samfelldur texti sem við köllum **drög**. Drögin skulu vera 300 – 400 orð.
- Komdu drögunum til kennarans. Hann fer yfir þau, gerir athugasemdir og skilar þeim til baka, fyrir þig til að lagfæra. Vandaðu þig svo kennarinn þurfi sem minnst að gera athugasemdir við drögin.
- Gerðu viðeigandi lagfæringar áður en þú skilar **fullunninni grein** til kennarans. Greinin er tilbúin til birtingar (svo lengi sem þú leggur metnað í að laga villurnar í drögunum).
- Ef greinin inniheldur ennþá villur þegar þú hefur skilað henni fullunninni, færðu hana aftur frá kennaranum til lagfæringar.

**Skráning heimilda:**

- Ef þú notast við *heimild af netinu* skaltu skrá vefslóðina.

Dæmi: [http://www.mbl.is/sport/formula/2015/02/02/vettel\\_aftur\\_fljotastur/](http://www.mbl.is/sport/formula/2015/02/02/vettel_aftur_fljotastur/)

- Ef þú notar *prentaða heimild* er gott að láta eftirfarandi atriði koma fram ef mögulegt er:

Höfundur. Titill. Útgefandi. Útgáfustaður. Útgáfuár.

**Hafðu eftirfarandi í huga:**

- Mundu eftir upphafi, meginmáli og niðurlagi.
- Settu efnið skipulega fram og í góðu röklegu samhengi.
- Þú þarft að rökstyðja mál þitt með góðum, málefnanlegum rökum.
- Vandaðu málfar og stafsetningu. Reyndu að notast við fjölbreytt orðalag en þó aðeins eins og þú treystir þér til. Stundum er einfaldleikinn bestur.
- Reyndu að glæða áhuga lesandans.
- Lestu reglulega yfir textann og helst upphátt til að fá tilfinningu fyrir uppbyggingu hans og innihaldi.

Gangi þér vel! Brynjar og Steinunn



## Greinaskrif veturinn 2016 – 2017 – 9. bekkur

Þú skrifar tvær greinar í vetur, eina á hvorri önn. Greinarnar eru hluti af ritunarhluta í íslenskunámi þínu.

**Heimabyggð** er viðfangsefni annarrar greinarinnar. Í hinni greininni deilir þú hugleiðingum þínum um **skólann og skólastarfið** með lesendum.

Í *heimabyggðargreininni* máttu fjalla um hvað sem er svo lengi sem það tengist á einhvern hátt Eyjafirði. Í *skólagreininni* segir þú frá skólanum, skólalífinu eða öðru sem tengist veru þinni í Giljaskóla.

Greinin verður birt á opinberum vettvangi og því þarftu að huga sérstaklega vel að málfari, uppbyggingu og öðru er viðkemur uppsetningu og frágangi á texta.

Heimabyggðargreinin birtist á [www.grenndargral.is](http://www.grenndargral.is). Skólagreinin birtist á [www.giljaskoli.is](http://www.giljaskoli.is). Þá er möguleiki á birtingu á öðrum netsíðum eða í dagblöðum.

Greinin skal vera 300-400 orð. Þú ræður hvort ritunarverkefnið þú tekur fyrir á haustönn. Hitt vinnur þú á vorönn.

Ein ljósmynd má fylgja hvoru verkefni, tekin af þér. Ef mynd fylgir með skal hún tengjast efni greinarinnar.

Þú átt að nota a.m.k. eina heimild við gerð greinarinnar um heimabyggð. Ekki er nauðsynlegt að nota heimild(ir) við gerð skólagreinarinnar. Ef þú hins vegar notast við heimild í skólagreininni þarftu að muna að geta hennar í heimildaskrá.

- **Drögum skal skila í síðasta lagi föstudaginn 17. febrúar.**
- **Fullunnu verkefni skal skila í síðasta lagi þriðjudaginn 7. mars**

**Vinnuferli:**

- Þú byrjar á hugstormun um efnistöð. Því næst er gott að skrá niður á blað hugmyndir og punkta sem enda svo sem samfelldur texti sem við köllum **drög**. Drögin skulu vera 300 – 400 orð.
- Komdu drögunum til kennarans. Hann fer yfir þau, gerir athugasemdir og skilar þeim til baka, fyrir þig til að lagfæra. Vandaðu þig svo kennarinn þurfi sem minnst að gera athugasemdir við drögin.
- Gerðu viðeigandi lagfæringar áður en þú skilar **fullunninni grein** til kennarans. Greinin er tilbúin til birtingar (svo lengi sem þú leggur metnað í að laga villurnar í drögunum).
- Ef greinin inniheldur ennþá villur þegar þú hefur skilað henni fullunninni, færðu hana aftur frá kennaranum til lagfæringar.

**Skráning heimilda:**

Geta skal heimilda í lok greinar. Ef um útprentaða heimild er að ræða (t.d. bók, dagblaða- eða tímaritsgrein) skulu eftirfarandi atriði koma fram:

**Bók:** Nafn höfundar, *Nafn bókar*. Nafn útgefanda (útgáfustaður útgáfuár).

Dæmi: Guðmundur J. Guðmundsson, *Úr sveit í borg: Þættir úr sögu 20. aldar*. Námsgagnastofnun (Reykjavík 2002).

**Dagblaða- eða tímaritsgrein:** Nafn höfundar, “Nafn greinar” *Nafn tímarits/dagblaðs*, árgangur, blaðsíðutal.

Dæmi: Inga Dóra Pétursdóttir, “Til hamingju Malala!” *Fréttablaðið*, 14. árgangur, 18.

**Vefslóð:** Dæmi: [http://www.mbl.is/sport/efstadeild/2015/01/07/sandra\\_sif\\_til\\_fylkis/](http://www.mbl.is/sport/efstadeild/2015/01/07/sandra_sif_til_fylkis/)

**Hafðu eftirfarandi í huga:**

- Mundu eftir upphafi, meginmáli og niðurlagi.
- Settu efnið skipulega fram og í góðu röklegu samhengi.
- Þú þarft að rökstyðja mál þitt með góðum, málefnanlegum rökum.
- Vandaðu málfar og stafsetningu. Reyndu að notast við fjölbreytt orðalag en þó aðeins eins og þú treystir þér til. Stundum er einfaldleikinn bestur.
- Reyndu að glæða áhuga lesandans.
- Lestu reglulega yfir textann og helst upphátt til að fá tilfinningu fyrir uppbyggingu hans og innihaldi.

Gangi þér vel!

Brynjar og Steinunn



## Greinaskrif veturinn 2016 – 2017 – 10. bekkur

Þú skrifar tvær greinar í vetur, eina á hvorri önn. Greinarnar eru hluti af ritunarhluta í íslenskunámi þínu.

**Ísland** er viðfangsefni greinar haustannar. Í grein vorannar máttu velja á milli þess að deila hugleiðingum þínum um **skólann og skólastarfið** með lesendum og skrifa grein sem gæti birst í einum af stóru fréttamiðlum landsins.

Í *Íslandsgreininni* máttu fjalla um hvað sem er svo lengi sem það tengist á einhvern hátt landi og þjóð. Sniðugt er að fjalla um eitthvað sem er efst á baugi í samfélagsumræðunni. Í greininni sem ætluð er einum af stóru fréttamiðlunum segir þú frá hugðarefni þínu, hvert sem það kann að vera. Efnið þarf þó að höfða til almennings. Í *skólagreininni* segir þú frá skólanum, skólalífinu eða öðru sem tengist veru þinni í Giljaskóla.

Greinin verður birt á opinberum vettvangi og því þarftu að huga sérstaklega vel að málfari, uppbyggingu og öðru er viðkemur uppsetningu og frágangi á texta.

Greinin skal vera 300-400 orð. Ein ljósmynd má fylgja hvoru verkefni, tekin af þér. Ef mynd fylgir með skal hún tengjast efni greinarinnar.

Þú átt að nota a.m.k. eina heimild við gerð greinarinnar um Ísland. Ekki er nauðsynlegt að skrifa skólagrein eða grein fyrir fréttamiðilinn sem krefst notkun heimilda. Ef þú hins vegar notast við heimild í greinunum þarftu að muna að geta hennar í heimildaskrá.

- **Drögum skal skila í síðasta lagi þriðjudaginn 31. janúar.**
- **Fullunnu verkefni skal skila í síðasta lagi þriðjudaginn 14. febrúar.**



**Vinnuferli:**

- Þú byrjar á hugstormun um efnistöð. Því næst er gott að skrá niður á blað hugmyndir og punkta sem enda svo sem samfelldur texti sem við köllum **drög**. Drögin skulu vera 300 – 400 orð.
- Komdu drögnum til kennarans. Hann fer yfir þau, gerir athugasemdir og skilar þeim til baka, fyrir þig til að lagfæra. Vandaðu þig svo kennarinn þurfi sem minnst að gera athugasemdir við drögin.
- Gerðu viðeigandi lagfæringar áður en þú skilar **fullunninni grein** til kennarans. Greinin er tilbúin til birtingar (svo lengi sem þú leggur metnað í að laga villurnar í drögnum).
- Ef greinin inniheldur ennþá villur þegar þú hefur skilað henni fullunninni, færðu hana aftur frá kennaranum til lagfæringar.

**Skráning heimilda:**

Geta skal heimilda í lok greinar. Ef um útprentaða heimild er að ræða (t.d. bók, dagblaða- eða tímaritsgrein) skulu eftirfarandi atriði koma fram:

**Bók:** Nafn höfundar, *Nafn bókar*. Nafn útgefanda (útgáfustaður útgáfuár).

Dæmi: Guðmundur J. Guðmundsson, *Úr sveit í borg: Þættir úr sögu 20. aldar*. Námsgagnastofnun (Reykjavík 2002).

**Dagblaða- eða tímaritsgrein:** Nafn höfundar, “Nafn greinar” *Nafn tímarits/dagblaðs*, árgangur, blaðsíðutal.

Dæmi: Inga Dóra Pétursdóttir, “Til hamingju Malala!” *Fréttablaðið*, 14. árgangur, 18.

**Vefslóð:** Dæmi: [http://www.mbl.is/sport/efstadeild/2015/01/07/sandra\\_sif\\_til\\_fylkis/](http://www.mbl.is/sport/efstadeild/2015/01/07/sandra_sif_til_fylkis/)

**Hafðu eftirfarandi í huga:**

- Mundu eftir upphafi, meginmáli og niðurlagi.
- Settu efnið skipulega fram og í góðu röklegu samhengi.
- Þú þarft að rökstyðja mál þitt með góðum, málefnanlegum rökum.
- Vandaðu málfar og stafsetningu. Reyndu að notast við fjölbreytt orðalag en þó aðeins eins og þú treystir þér til. Stundum er einfaldleikinn bestur.
- Reyndu að glæða áhuga lesandans.
- Lestu reglulega yfir textann og helst upphátt til að fá tilfinningu fyrir uppbyggingu hans og innihaldi.

Gangi þér vel! Brynjar og Steinunn



## Dagbókarskrif veturinn 2016 - 2017

Þú skrifar 8 – 10 dagbókarfærslur á önn, samtals 16 – 20 færslur í vetur. Færslurnar skrifar þú í sérstaka stílabók sem við köllum *Dagbók*.

Við mælum með því að þú notir dagbókina aðeins sem slíka, mögulega einnig fyrir önnur ritunarverkefni. Þú skalt nota aðra stílabók fyrir aðra verkefnavinnu í íslensku.

Í dagbók skrifar þú annars vegar eigin hugleiðingar um lífið og tilveruna og hins vegar um málefni sem kennari leggur fyrir.

Þú skalt halda vel utan um færslurnar allan veturinn. Við viljum hvetja þig til að safna öllum færslum unglingastigs á einn stað, t.d. með því að nota sömu bókina öll árin. Þannig áttu minningabók um árin í Giljaskóla við lok grunnskólagöngu.

Hver færsla skal vera 200 – 250 orð nema hvað nemendur í 8. bekk skrifa 150 – 200 orð á haustönn. Nemendur skila dagbók til kennara sem les yfir og kvittar fyrir lesturinn.

Að öllu jöfnu hefur þú viku til að skrá dagbókarfærsluna. Skila má færslunni til kl. 16:00 á skiladegi áður en kennari skráir ástundun.

Eftir að kennari hefur lagt heimavinnu fyrir er ábyrgðin komin á þínar herðar. Alltaf skal skila færslu, jafnvel þó dagbókin sé ekki við höndina. Skila má á sér blaði eða í annarri bók. Auk reglulegrar yfirferðar yfir veturinn fer kennari fram á skil á öllum dagbókarfærslum í lok skólaárs. Kennari fer þá yfir færslurnar að nýju og metur þær til einkunnar að vori.

Gangi þér vel!

Brynjar og Steinunn

## Námsmat

### 8. bekkur

Grein haustannar	10%	
Grein vorannar	10%	
Dagbók	10%	
		<b>Ritun samtals 30%</b>
Haustmálþing	15%	
Vormálþing	15%	
		<b>Talað mál, hlustun og áhorf samtals 30%</b>
Hrafnkels saga Freysgoða	10%	
Lesskilningur / bókmenntir	10%	
		<b>Lestur og bókmenntir samtals 20%</b>
Málfræðiþróf 1	10%	
Málfræðiþróf 2	10%	
		<b>Málfræði samtals 20%</b>

### 9. bekkur

Grein haustannar	10%	
Grein vorannar	10%	
Dagbók	10%	
		<b>Ritun samtals 30%</b>
Haustmálþing	15%	
Vormálþing	15%	
		<b>Talað mál, hlustun og áhorf samtals 30%</b>
Lesskilningur / bókmenntir	20%	
		<b>Lestur og bókmenntir samtals 20%</b>
Málfræðiþróf 1	10%	
Málfræðiþróf 2	10%	
		<b>Málfræði samtals 20%</b>

### 10. bekkur

Grein haustannar	10%	
Grein vorannar	10%	
Dagbók	10%	
		<b>Ritun samtals 30%</b>
Haustmálþing	10%	
Vormálþing	20%	
		<b>Talað mál, hlustun og áhorf samtals 30%</b>
Lesskilningur / bókmenntir	20%	
		<b>Lestur og bókmenntir samtals 20%</b>
Málfræðiþróf 1	10%	
Málfræðiþróf 2	10%	
		<b>Málfræði samtals 20%</b>

## Dæmi um rökstuðning - málþing

### A

Öllum fyrirmælum fylgt eftir og framúrskarandi flutningur

Verkefnið var frumlegt og skemmtilegt. Óli flutti það munnlega á vormálþinginu. Hann uppfyllti skilyrði verkefnislýsingar varðandi lengd og atriðin þrjú.

Framsögn var góð. Óli las á hæfilegum hraða. Hann leit reglulega upp frá blaðinu og yfir salinn og náði með því góðu sambandi við þá sem hlustuðu. Flutningurinn var lifandi og lesið með blæbrigðum sem án nokkurs vafa gerði viðfangsefnið áhugaverðara fyrir hlustendur. Stutt kynning/inngangur var í upphafi og stutt lokaorð í lokin. Mjög vel gert.

### B

Ekki öllum fyrirmælum fylgt eftir og/eða mjög góður flutningur en þó ekki framúrskarandi

Verkefnið var frumlegt og skemmtilegt. Óli flutti það munnlega á vormálþinginu. Hann uppfyllti skilyrði verkefnislýsingar varðandi lengd og atriðin þrjú.

Óli var með stutta kynningu/inngang í upphafi sem og lokaorð í lokin. Framsógnin var góð, hann las á hæfilegum hraða þó hann hafi bætt óþarflega mikið í hraðann eftir því sem leið á flutninginn. Hann leit reglulega upp frá blaðinu og yfir salinn og náði með því góðu sambandi við þá sem hlustuðu. Vel gert.

### Inngangur að rökstuðningi. Skráð hjá öllum nemendum óháð mati.

Í vor unnu nemendur verkefni þar sem þeir áttu að ímynda sér að þeir væru orðnir 70 ára. Þeir ólust upp í Giljahverfi á Akureyri en fóru í burtu um tvítugt. Að 50 árum liðnum eru þeir komnir heim aftur og upplifa miklar breytingar í gamla hverfinu. Nemendur áttu að rifja upp, líta yfir farinn veg og segja frá lífinu. Lykilspurningar voru þessar: Hvernig er að koma aftur heim? Hvað hefur breyst? Hvernig hefur hverfið þróast? Að lokum áttu nemendur að flytja verkefnið munnlega fyrir bekkjarfélagi og kennara á vormálþingi árgangsins á sal skólans og skila eintaki til kennarans. Nefna átti a.m.k. þrennt sem hafði breyst á þessum 50 árum. Fyrirmæli um lengd voru 300-400 orð.

### C

Talsvert vantar upp á flutninginn og að fyrirmælum sé fylgt eftir eða enginn flutningur, aðeins ritun skilað

Flutningur var nokkuð stirður hjá Óla. Hann gaf sér ekki nógu góðan tíma við upplesturinn og var fastur við blaðið. Þónokkrir hnökror urðu á meðan flutningi stóð. hann hefði þurft að æfa upplesturinn meira. Textinn náði ekki lágmarkslengd.

### D

Engu skilað. Algjörlega ófullnægjandi verkefni

Óli skilaði hvorki munnlega né skriflega.

## Dæmi um rökstuðning - greinaskrif

### A

Öllum fyrirætlum fylgt eftir

Grein Láru „*Aukum hreyfingu í skólum*“ var mjög vel unnin. Lára vann sitt verk eins og ætlast var til. Öllum fyrirætlum samkvæmt verkefnislýsingu var fylgt eftir. Fullunnin var greinin 347 orð.

### B

Öllum fyrirætlum fylgt eftir að einum undanskildum

Grein Láru um að auka þurfi hreyfingu í skólum var vel unnin. Lára skilaði drögum á réttum tíma en fullunninni grein eftir að skilafrestur rann út.

### Inngangur að rökstuðningi. Skráð hjá öllum nemendum óháð mati.

Nemendur vinna ritunarverkefni á vorönn sem felst í því að skrifa grein að eigin vali fyrir víðlesinn fjölmiðil eða um skólalífið í Giljaskóla. Námsmat tekur mið af því hvort nemendur fara eftir fyrirætlum verkefnislýsingar svo sem varðandi skiladaga, lengd verkefnis og notkun heimilda. Nemendur skila drögum að greininni fyrir ákveðinn tíma. Kennari fer yfir drögin m.t.t. uppsetningar, málfars og stafsetningar. Í kjölfarið gera nemendur viðeigandi breytingar en ýmist samþykkja þeir tillögur kennarans eða gera athugasemdir við þær. Þeir eiga svo að skila inn fullunninni grein fyrir ákveðinn tíma. Í einhverjum tilfellum fá nemendur verkefnið aftur til lagfæringar. Greinin skal vera 300-400 orð. Innihald greinarinnar er ekki metið til einkunnar. Eðli málsins samkvæmt hafa því vinnubrögð mikið vægi við mat á verkefninu.

### C

Aðeins drögum skilað eða talsvert vantar upp á að fyrirætlum sé fylgt eftir

Lára skilaði bæði drögum og fullunninni grein eftir að skilafrestur rann út. Fullunnin grein náði ekki lágmarkslengd í orðafjölda.

### D

Hvorki drögum né fullunninni grein skilað eða texti frá öðrum notaður að miklu eða öllu leyti án þess að heimilda sé getið

Lára skilaði hvorki drögum né fullunninni grein.

## Horft til framtíðar

### *Grunnurinn er lagður*

Greinar eftir nemendur á unglिंगastigi í Giljaskóla birtast vikulega á tveimur vefmiðlum á vegum skólans lungann úr skólaárinu. Nemendur hafa stuðlað að umbótum í skólastarfi með greinaskrifum sínum sbr. framkvæmdir við skápa á gangi skólans og parkvöll á skólalóðinni. Greinar eftir nemendur hafa nokkur undanfarin ár birst með reglulegu millibili í staðarblaðinu



*Akureyri vikublaði* sem og á vefmiðli á vegum blaðsins. Nokkrar greinar hafa birst á vefmiðlinum visir.is og ein í Fréttablaðinu. Einn nemandi hefur fengið starf við að skrifa ípróttufréttir frá Akureyri fyrir sunnlenskan ípróttavefmiðil. Einn úr hópi nemenda var, ásamt þremur öðrum, aðalræðumaður á stórri ráðstefnu um læsi í Reykjavík árið 2012 (sjá mynd). Nemendur hafa staðið fyrir málþingum þar sem nokkrir úr hópi starfsmanna hafa verið gestir. Þeir hafa verið með upplestur á opinberum stöðum í bænum. Vísir að raunverulegri þátttöku nemenda á unglिंगastigi í Giljaskóla í opinberri umræðu í ræðu og riti er staðreynd. Nú er spurning hvort við nýtum tækifærið, færum út kvíarnar og byggjum á þeim grunni sem er til staðar.

## ***Áherslur á 21. öldinni***

Áhugaverð, merkingarbær viðfangsefni eins og málþing, blaðaútgáfa, netmiðlar og sjónvarps- og útvarpsþáttagerð eru spennandi valkostir í skólastarfi. Lestur, bókmenntir, framsögn, ritun og málfræði öðlast nýtt líf þegar nemendur sjá afrakstur vinnunnar á einhverju slíku formi. Annars vegar er um nám og kennslu að ræða, hins vegar skemmtun og afþreyingu. Hér gefst okkur tækifæri til að vera leiðandi í innleiðingu á nýjum og breyttum vinnubrögðum í skólanum og verða þannig í fararbroddi þeirra sem kenna sig við öflugt skólaþróunarstarf. Lýðræði, mannréttindi, jafnrétti, sköpun, tjáningarfrelsi, upplýsingamiðlun, stafrænt læsi, miðlamennt, miðlalæsi, sjálfstæð vinnubrögð, ritun, framsögn, ábyrgð, samskipti, vandvirkni, gagnrýnin hugsun. Allt eru þetta hlutir sem kennarar reyna daglega að kenna, kynna, segja frá og draga fram í fari nemenda með misjöfnum árangri. Heppileg leið fyrir kennara að innræta börnum öll þessi góðu gildi er í gegnum raunveruleg viðfangsefni sem hafa tilgang í þeirra augum – verkefni sem nemendur sjá hag sinn í að leysa af metnaði. Nemendur þurfa að sjá raunverulegan tilgang með því sem þeir eru látnir gera. Þannig læra þeir, þannig efla þeir með sér löngun til að taka framförum, þannig sjá þeir tilganginn í því sem þeir eru að gera. Þetta sést best í skólunum þá daga sem eitthvað stendur til og hefðbundið skólastarf er brotið upp. Allir vinna saman að sameiginlegu markmiði þar sem samkomulag ríkir um að gera hlutina eins vel og mögulegt er.

## ***Merkingarbært nám er lykillinn***

Vinna sem þessi mun ýta undir vönduð vinnubrögð hvort sem um er að ræða textagerð, framsögn eða meðferð heimilda. Hún mun vekja upp hugleiðingar um sjálfsögd mannréttindi svo sem tjáningarfrelsi og lýðræði. Hún mun stuðla að skapandi og sjálfstæðum vinnubrögðum auk þess sem hún mun auka ábyrgðarkennd

og gagnrýna hugsun. Árið 2014 gaf Mennta- og menningarmálaráðuneytið frá sér *Hvítbók – um umbætur í menntun*. Í henni koma fram tvö meginmarkmið um hvernig bæta megi menntun á Íslandi til ársins 2018 (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2014). Annað markmiðið snýr að grunnskólanum.<sup>19</sup> Ef markmiðið næst munu 90% grunnskólanemenda ná lágmarksviðmiðum í lesskilningi samkvæmt Pisa rannsókn OECD og fara þannig úr 79% skv. niðurstöðum frá árinu 2013. Margt þarf að vinna saman svo markmiðið náist. Hvernig sem fer er ljóst, í okkar huga, að til lengri tíma litið er merkingarbært nám lykillinn að því að árangur náist. Giljaskólaleiðin er lóð á þær vogarskálar.

---

<sup>19</sup> Meginmarkmið sem snýr að framhaldsskólanum skv. Hvítbók er að 60% nemenda ljúki námi úr framhaldsskóla á tilsettum tíma – fari úr 44% eins og staðan er þegar Bókin kemur út.



## Lokaorð

Talað mál, hlustun og áhorf hafa ekki fengið það vægi sem æskilegt er þrátt fyrir mikilvægi þess og viðleitni margra kennara. Við þurfum að gefa framsögn meiri gaum og getum það miðað við heildartímann sem nemendum er ætlað í íslenskukennslu á unglingastigi. Ekki er endalaust hægt að bæta við svo allt er þetta spurning um forgangsröðun. Of margir nemendur eiga í mesta basli með að tjá sig fyrir framan hóp af fólki við lok 10. bekkjar og það er óásættanlegt. Í því samfélagi sem við búum er gerð krafa um gagnrýna hugsun þegnanna og að þeir búi yfir hæfni til að koma henni á framfæri í ræðu og riti. Sú hæfni verður ekki dregin fram með stöku æfingum á tyllidögum. Ólíkt kennurum fyrri tíma þurfa kennarar í dag að hafa meira fyrir því að kenna nemendum viðeigandi hegðun við hlustun og áhorf. Aginn er minni í dag en frelsið þeim mun meira sem þýðir að eitthvað sem þótti sjálfsgöð hegðun einu sinni þarf nú að fá sinn tíma í kennslustundum. Í Giljaskóla höfum við reynt að styrkja þá nemendur í framsögn sem við höfum verið með öll þrjú árin og gert auknar kröfur milli ára. Mikilvægt er að nemendur fái markvissa þjálfun öll árin. Dæmin sýna að það skilar árangri.

Markviss lestrarkennsla er lítil sem engin á unglingastigi. Þegar nemendur lesa virðast kennarar oft á tíðum hafa ótakmarkaða þörf fyrir að leggja verkefni fyrir við lok lestrarins. Eins og þeir telji tímanum annars illa varið. Þessu erum við ekki sammála. Við stöndum einfaldlega frammi fyrir því í dag að allt sem hjálpar til við að glæða áhuga unglunga á bókum og lestri er vel þegið. Stöðug verkefnavinna í tengslum við lesturinn hjálpar ekki. Nemendur þurfa að fá að kynna ánægjunni sem fylgir lestrinum einum og sér. Það þarf að kynna fyrir þeim töfraheim bókanna. Kennarinn skiptir þar miklu máli, viðhorf hans til bóka og lestrar, viðmót gagnvart nemendum og hvernig hann nær að skapa létt og skemmtilegt andrúmsloft í kennslustund. Skapa þarf svigrúm í skólanum fyrir nemendur til lestrar og þeir þurfa að hafa val um hvað þeir lesa. Frjálslestur í Giljaskóla er dæmi um þetta. Upplestur kennara á framhaldssögu er vinsælt viðfangsefni hjá unglingum ekki síður en þeim sem yngri eru. Þá geta kynningar af ýmsu tagi kveikt neista hjá einhverjum, svo sem kynningar á bókum og rithöfundum og heimsókn á skólabókasafnið. Aðgengi nemenda að bókum er skref í rétta átt. Bókahillur með bókum á víð og dreif um skólann gefur þeim færi á að grípa í bók við hin ýmsu tækifæri utan kennslustunda. Að hafa bækur fyrir augunum daglega og sem víðast í umhverfinu getur líka virkað hvetjandi fyrir

nemendur. Með því að glæða lestur og bókmenntir lífi aukast líkurnar á að óspennandi verkefni verði áhugaverð.

Ritunarkennsla fer fram með mismunandi hætti. Nemendur handskrifa mun minna nú til dags en áður því tölvan hefur leyst pennann af hólmi. Í Giljaskóla er ætlast til að nemendur skili ritunarverkefnum sínum jafnt handskrifuðum sem og á rafrænu formi. Við höfum nokkur undanfarin ár látið nemendur okkar halda dagbók þar sem þeir handskrifa hugleiðingar sínar jafnt og þétt yfir skólaárið. Fyrir kennara sem kennir mörgum hópum getur fjöldi verkefna orðið mikill. Þá er mikilvægt að kennarinn hætti ekki við heldur fórni ítarlegri yfirferð í þágu nemenda – að þeir þjálfist með tíðum og reglulegum skrifum. Mikilvægt er að nemendur upplifi námið merkingarbært. Hægt er að semja um birtingu á efni frá nemendum á opinberum vettvangi t.d. á heimasíðum, í blöðum og jafnvel í útvarpi og sjónvarpi. Í Giljaskóla vinna nemendur tvö ritunarverkefni á ári hið minnsta sem birtast opinberlega.

Málfræði hefur á vissan hátt borið höfuð og herðar yfir aðra þætti íslenskunnar mörg undanfarin ár. Velta má fyrir sér hvers vegna hún hefur svo mikið vægi á kostnað þátta sem skipta ekki síður máli fyrir undirbúning nemenda fyrir þátttöku í lýðræðissamfélagi. Málfræðin er ekki sá þáttur íslenskunnar sem einfaldast er að gera áhugaverðan í augum nemenda. Þó eru til leiðir sem vert er að skoða. Kennarinn þarf sjálfur að hafa jákvætt viðhorf gagnvart viðfangsefninu og vera lifandi í útskýringum t.d. með því að tengja þær sem mest raunheimi unglínganna. Ef hann nær að búa til liðsheild innan hópsins þar sem nemendur upplifa sig sem hluta af heild og þar sem allir stefna að sama markmiði aukast líkurnar á að þeir vilji standa sig. Það hefur svo aftur í för með sér möguleika á að hrósa hópnum fyrir vel unnin störf en það virkar sem vítamínsprauta á nemendur. Ef kennarinn nær í upphafi að skapa slíkt andrúmsloft eru honum allir vegir færir í framhaldinu.

Hugmyndirnar sem hér eru kynntar ríma vel við grunnþætti menntunar eins og þeir eru settir fram í aðalnámskrá grunnskóla 2013. Markmiðin eru í grunninn þau sömu; horfið er frá áherslu á staðreyndapekkingu og „stofnanakenndu“ skólastarfi og þess í stað lögð áhersla á lifandi og merkingarbært nám sem endurspeglar lífið utan veggja skólans. Nám sem undirbýr nemendur undir þátttöku í nútímalýðræðissamfélagi og þjálfar gagnrýna hugsun.

Hin ýmsu verkefni sem hér hafa verið kynnt til sögunnar hafa nú þegar opnað dyr fyrir nemendur skólans við að segja sína skoðun á mönnum og málefnum á opinberum vettvangi. Þannig hefur okkur tekist að brjóta niður ákveðna múra sem áður voru til staðar. Nemendum okkar þykir þetta ekki eins fjarstæðukennt núna og

fyrir nokkrum árum síðan. Nú er spurning hvort og þá hvernig við ætlum að byggja ofan á þennan grunn. Við teljum að Giljaskóli geti orðið leiðandi í því að innleiða nýja starfshætti í grunnskólum sem við jafnframt teljum að sé aðeins tímaspursmál hvenær verði að veruleika í grunnskólum almennt. *Giljaskólaleiðin* er viðleitni í þessa átt. Í henni felst markviss vinna með alla þætti íslenskunnar, með áherslu á framsögn, lestur og ritun. Afrakstur vinnunnar birtist í áhugaverðum og merkingarbærum viðfangsefnum svo sem málþingum og greinaskrifum. Þegar horft er til framtíðar má sjá ýmsa möguleika fólga í tækninni þ.e. netmiðlar og sjónvarps- og útvarpsþáttagerð. Grunnþættir menntunar eiga greiðara aðgengi að nemendum í gegnum raunveruleg viðfangsefni sem nemendur sjá tilgang í að vinna. Með áherslu á merkingarbær verkefni leggur Giljaskólaleiðin sitt af mörkum við að ná markmiðum Hvítbókar um bætt læsi og bætt menntun.

## Heimildaskrá

### Ritaðar heimildir

Auður Magnús Leiknisdóttir, Hrefna Guðmundsdóttir, Ágústa Edda Björnsdóttir, Heiður Hrund Jónsdóttir og Friðrik H. Jónsson. (2009). *Staða lestrarkennslu í íslenskum grunnskólum* [ljósrit]. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2013). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013*. Reykjavík: [Án höfundar].

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins I. hluti, 12. grein/1989 [ljósrit af <http://www.barnasattmali.is/barnasattmalinn/barnasattmalinnheildartexti.html>].

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins I. hluti, 13. grein/1989 [ljósrit af <http://www.barnasattmali.is/barnasattmalinn/barnasattmalinnheildartexti.html>].

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins I. hluti, 31. grein/1989 [ljósrit af <http://www.barnasattmali.is/barnasattmalinn/barnasattmalinnheildartexti.html>].

### Vefheimildir

Archer, W. og Davison, J. (2008). Graduate Employability: What do employers think and want? Sótt af <http://www.brunel.ac.uk/services/pcc/staff/employability/?a=92718>

Björn Jörundur Friðbjörnsson. (e.d.) Frelsið. Sótt 25. október 2015 af <http://www.guitarparty.com/is/song/frelsid/>

Clark, C. og Hawkins, L. (2010). Young People's Reading: The Importance of the home environment and family support. Sótt af [http://www.literacytrust.org.uk/assets/0000/4954/Young\\_People\\_s\\_Reading\\_2010.pdf](http://www.literacytrust.org.uk/assets/0000/4954/Young_People_s_Reading_2010.pdf)

Kingsley, C. (2016) Goodreads. Charles Kingsley quotes. Sótt 11. janúar 2016 af [https://www.goodreads.com/author/quotes/15568.Charles\\_Kingsley](https://www.goodreads.com/author/quotes/15568.Charles_Kingsley)

Little, C. A., McCoach, D. B. og Reis, S. M. (2014). Effects of Differentiated Reading Instruction on Student Achievement in Middle School. *Journal of Advanced Academics*, 25(4), 384-402. doi: 10.1177/1932202X14549250

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2012). *Hvítbók - um umbætur í menntun*. Sótt af [http://www.menntamalaraduneyti.is/media/frettir/Hvitbik\\_Umbaetur\\_i\\_menntun.pdf](http://www.menntamalaraduneyti.is/media/frettir/Hvitbik_Umbaetur_i_menntun.pdf)

Seinfeld, J. (2015) Goodreads. Jerry Seinfeld quotes. Sótt 21. október 2015 af [https://www.goodreads.com/author/quotes/19838.Jerry\\_Seinfeld](https://www.goodreads.com/author/quotes/19838.Jerry_Seinfeld)

Smyth, J. M. (1998). Written Emotional Expression: Effect sizes, Outcome types, and Moderating Variables. *Journal of Consulting and Clinical Psychology*, 66(1), 174-184. Sótt af <http://psych415.class.uic.edu/Readings/Smyth,%20Written%20emo%20expression%20review,%20JrConClinPsy,%201998.pdf>

UCL Institute of Education (IOE). (2013, 11. september). Reading for pleasure puts children ahead in the classroom, study finds. Sótt af <http://www.ioe.ac.uk/newsEvents/89938.html>

Wolfgang Edelstein. (2010, 20. maí). Lýðræði verður að læra!. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2010/005/index.htm>

### **Myndir**

Mynd á bls. 40 sótt af <http://vignette2.wikia.nocookie.net/fallout/images/f/f9/Speech.png/revision/20111225221547>

Mynd á bls. 49 sótt af <http://kathymcintosh.com/wp-content/uploads/2015/10/write-2400px.png>

Aðrar myndir eru í eigu Giljaskóla.

